

SKOÐUN

Eina leiðin er að skera upp herðir gegn hefðbundnum hlutverkum kynjanna, skrifar Sif Sigmarsdóttir. **13**



MENNING

Jón Ólafsson segist vernda hagsmuni Bubba, Lennons og McCartneys. **30**



SPORT

Eiður Smári hefur aldrei byrjað betur en nú. **26**



SPORT HD
MAN. CITY REAL MADRID
Í KVÖLD KL. 19.30 Á STÖÐ 2 SPORT


FRÉTTABLAÐIÐ

Miðvikudagur

21. nóvember 2012
274. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

MARKAÐURINN



Ísland leiðir ekki lengur

Íslendingar hafa tapað forskoti sínu í sölu- og markaðssetningu með sjávarafurðir. Þeir sem gerst þekktja til í greininni telja óumflýjanlegt að gera stóratæk. **4**

FRÉTTIR

Járnkarl á Suðurlandi

Keppendur í þríþrautarkeppninni Ironman á Íslandi gætu orðið fimm þúsund. **2**

Yngri börn fá athygli Íþróttabjálfarar þurfa að einbeita sér að börnum sem fæðast seint á árinu. **6**

Dauðhrædd vitni

Fréttabanni aflétt af réttarhöldum Annþórs Karlssonar og Barkar Birgissonar. Fjallað ítarlega um málið í dag. **8**



Bolungarvík	-1°	NA15
Akureyri	-2°	NA 7
Egilsstaðir	-1°	NA 8
Kirkjubæjarkl.	2°	NA15
Reykjavík	0°	A 13

Víða hvasst NA 10-23 m/s, hvasst S- og V-lands. Úrkoma einkum SA-til en úrkomulaust að mestu vestra. Frost 0-5 stig, en frostlaust við S-ströndina. **4**

3 SÉRBLÖÐ

Markaður | Jólakstur & hrærivélar Fólk



Þögn um eigendur Straums

Fjármálaeftirlitið veit hverjir virkir eigendur móðurfélags Straums fjárfestingabanka eru. Eftirlitið telur sig þó ekki geta veitt upplýsingar um þá vegna þagnarskyldu. Straumur fékk fjárfestingabankaleyfi á síðasta ári.

VIÐSKIPTI Fjármálaeftirlitið (FME) telur sig ekki geta upplýst hverjir séu virkir eigendur Straums fjárfestingabanka á grundvelli þagnarskyldu.

Móðurfélag Straums gekk í gegnum nauðasamninga fyrir rúmum tveimur árum og bankinn fékk fjárfestingabankaleyfi í fyrra. Hann hefur alla tíð síðan verið virkur þátttakandi í íslensku fjármálalífi og meðal annars haft umsjón með hlutafjárútboðum og skuldabréfaeigendum.

Fréttablaðið skýrði frá því

um helgina að á meðal eigenda Straums væri sjóðsstýringarfyritækið Davidson Kempner Capital Management LLC. Sjóðir á vegum þess eru líka á meðal stærstu kröfuhafa Glitnis, Kaupþings og Landsbankans.

Eigandi Straums er eignasýslufélagið ALMC. Deutsche Bank AG í Amsterdam heldur á 99 prósentum af hlutdeildarskírteinum í ALMC í hlutverki vörsluáðila fyrir hönd hinna eiginlegu hluthafa félagsins.

Einu opinberu upplýsingarnar

99%

af hlutdeildarskírteinum í ALMC eru í umsjón Deutsche Bank AG í Hollandi.

sem gefnar hafa verið út um hverjir þeir eru birtust í tilkynningu um nauðasamning félagsins um mitt ár 2010. Þar sagði að Landsbankinn og nokkrir stórir evrópskir bankar væru á meðal

þeirra. Eigendahópurinn getur þó tekið breytingum enda geta bréf í ALMC gengið kaupum og sölum.

Fréttablaðið beindi fyrirspurn til FME þar sem spurt var hvort eftirlitið hefði vitneskju um hverjir væru eigendur Straums hverju sinni og hvort nálgast mætti þær upplýsingar, lægju þær fyrir. Í svariinu segir að FME fái „upplýsingar um virka eigendur í ALMC með reglubundnum hætti en getur á grundvelli þagnarskyldu ekki veitt aðgang að þeim upplýsingum“.

- þsj / sjá Markaðinn



SNJÓVÉLIN PYKIR SNILLD Mikil ánægja er með snjóframleiðsluvél sem ræst var í fyrsta skipti í Ártúnsbrekku í fyrrinótt. Um er að ræða samstarfsverkefni skíðasvæðanna og ÍTR. „Þetta er bara snilld enda voru aðstæðurnar frábærar,“ segir Einar Bjarnason rekstrarstjóri. Snjóframleiðslunni verður haldið áfram á morgun og Einar segir brekkuna verða tilbúna á laugardag.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Björk í raddbandaaðgerð hjá sama lækni og skar upp söngkonuna Adele:

Sagði ekki orð í þrjár vikur

TÓNLIST „Ég ákvað núna í september að fara til Boston í aðgerð til sama skurðlæknis og skar upp Adele. Þetta er eiginlega rokkstjarna raddbandaskurðlækna og það gekk rosalega vel. Ég er byrjuð að semja aftur lög og syngja og raddböndin eru orðin aftur eins og þau voru fyrir kannski fimmtán árum,“ segir Björk Guðmundsdóttir, sem greindist með hnút á raddböndunum fyrir fimm árum.

Björk, sem nýlega sendi frá sér plötuna Bastards með endurhljóðblönduðum



lögum, beitti í fyrstu náttúrlegum lækningar- aðferðum og lýsti því yfir að hún ætlaði ekki í aðgerð. Henni snerist þó hugur. „Ég er náttúrlega búin að öskra í þrjátíu ár og þetta var í raun og veru bara sigg sem var skorið af,“ segir hún.

Eftir aðgerðina þurfti hún að þegja í þrjár vikur og gekk um með spjald um hálsinn til að skrifa á. „Það var mjög myndið. Dóttir mín var mjög þolinmód. Hún var eiginlega duglegust og var farin að skilja fingramál,“ segir hún.

- fb / sjá síðu 30

„Fremstur norræna sakamálahöfundur.“
THE TIMES
VAKA-HELGAPELL
www.forlagid.is

GEFÐU GÓÐA HEILSU Í JÓLAGJÖF
LAUGARSPA
World Class ICELAND
www.worldclass.is

VEIÐAR TILBOÐ
á öllum hjólum
20-30% afsláttur
MARKIÐ
Ármúli 40, 108 · Reykjavík · Sími: 517 4600

Því tíminn flýgur

ICELANDAIR
CARGO 

FYRIR EYJU Í MIÐJU ATLANTSHAFINU ER ÖFLUGT LEIÐAKERFI EINFALDLEGA SPURNING UM LÍFSGÆÐI OG VERÐMÆTI.

Við erum alltaf í kapphlaupi við tímann og viljum að fjárfestingar skili sem mestum arði. Leiðakerfi Icelandair Cargo er byggt upp til að mæta þörfum viðskiptavina okkar. Þess vegna fljúgum við til svo margra áfangastaða.

Á hverjum einasta degi fljúgum við hjá Icelandair Cargo með vörur til og frá Íslandi.

Magnað kynningarverð á Dell tölvum

Erum að taka upp glænýja sendingu af tölvubúnaði frá Dell. Vélarnar eru öflugar, traustar og áreiðanlegar og njóta sín sérlega vel í kröfuhörðum verkefnum fyrir atvinnulífið.

Allar vélarnar eru með fimm ára ábyrgð á varahlutum og þriggja ára ábyrgð á verkstæði.



Dell Optiplex 3010 borðtölva

Hagkvæm og áreiðanleg vinnustöð fyrir hvaða skrifstofu sem er.

Listaverð: 179.990 stk. m. vsk.
1-9 tölvur: 119.900 stk. m.vsk.
10+ tölvur: 109.900 stk. m.vsk.



Dell Latitude E5430 fartölva

Öflugur vinnuhestur á góðu verði. Styrkt umgjörð og hentar því vel fólki á ferðinni.

Listaverð: 239.990 stk. m.vsk.
1-9 tölvur: 159.900 stk. m.vsk.
10+ tölvur: 149.900 stk. m.vsk.



Dell Latitude E6430 fartölva

Endingargóð vél fyrir kröfuharða notendur. Styrkt umgjörð og hentar því vel fólki á ferðinni.

Listaverð: 319.990 stk. m.vsk.
1-9 tölvur: 204.900 stk. m.vsk.
10+ tölvur: 194.900 stk. m.vsk.



Dell Optiplex 7010 borðtölva

Afkastamikil og hraðvirk vinnustöð fyrir krefjandi verkefni.

Listaverð: 189.990 stk. m.vsk.
1-9 tölvur: 129.900 stk. m.vsk.
10+ tölvur: 119.900 stk. m.vsk.

Nánari upplýsingar má finna á www.advania.is/kynningarverd, í síma **440 9010** eða í tölvupósti á sala@advania.is

Guðrúnartún 10 | 105 Reykjavík | Sími 440 9000 | advania@advania.is | www.advania.is

Tilboðið gildir á meðan birgðir endast.



advania

Welcome to IT

VEISTU SVARID?



1. Hverjar þýddu bókina Þú afhjúpar mig?
2. Hvaða handboltamaður sleit hásin í leik með Flensburg á dögnum?
3. Hver er formaður fjárlaganefndar Alþingis?

SVÖR

1. Þóra Kartas Arnadóttir og Þórdís Elva Bachman. 2. Arnór Atlason. 3. Björn Valur Gíslason.

Nemendur í Malaví fái heimaræktaðan mat í skólamáltíðum sínum:

Íslendingar þróa skólamáltíðir

PRÓUNARMÁL Þróunarsamvinnustofnun Íslands tekur þátt í nýju verkefni sem felur í sér að bjóða upp á skólamáltíðir í Malaví sem eru ræktaðar í heimabyggð.

Verkefnið snýr að nemendum í sunnanverðu Malaví og var formlega kynnt í einum skólanna þar í síðustu viku. Það felur í sér dreifingu á góðum, heimaræktuðum mat. Í sameiginlegri tilkynningu frá ríkisstjórn Malaví, Matvælaaðstoð Sameinuðu þjóðanna (SP) og Þróunarsamvinnustofnun segir

að slíkt bæti ekki eingöngu hag skólabarna heldur gefi það smábændum kost á því að selja framleiðslu sína á öruggum markaði.

Vilhjálmur Wiium, umdæmistjóri Þróunarsamvinnustofnunar, segir að með því að bjóða upp á heimaræktaðar máltíðir komi fleiri nemendur í skólana, brottfall verði minna og nemendum muni líða betur og standa sig betur í skólanum.

Haft er eftir Eunce Kazember, menntamálaráðgjafi Malaví, að

máltíðirnar feli í sér sjálfbæra leið til þess að laða börn í skóla, einkum stúlkur, jafnframt því sem landbúnaður í héraðinu sé eflur.

Baton Osmani, aðstoðarframkvæmdastjóri Matvælaaðstoðar SP í Malaví, segir frumkvæðið leggja drög að máltíðum til langframa sem komi sér vel á tímum þar sem matvælaþörf er yfirvofandi hjá tæplega tveimur milljónum íbúa landsins.



BEDIÐ EFTIR MATNUM Nemendur við Kankhande-skólann í Malaví biðu á föstudag eftir fyrstu heimaræktuðu skólamáltíðinni, maísgraut og mangói.

MYND/ GUNNAR SALVARSSON

- sv



Ferskt smákökudeig í jólabaksturinn að hætti Jóa Fel

Jói Fel

BAKARÍ

Þjálfarar veiti yngri börnum meiri athygli

Börn sem fæðast fyrr á árinu skila sér frekar inn í yngri landslið í fótbolta. Rannsóknir á áhrifum fæðingardags á árangur barna í íþróttum eru mikilvægar, með þeim verða þjálfarar meðvitaðir og geta einbeitt sér frekar að þeim fæðast seint.

SAMFÉLAGSMÁL „Það er fyrsta skrefið að fólk geri sér grein fyrir niðurstöðum svona rannsóknar svo að fólk hafi þær á bak við eyrað þegar unnið er með börnum sem eru fædd seinna á árinu,“ segir Ragnhildur Skúladóttir, sviðsstjóri hjá Íþrótt- og Ólympíusambandi Íslands.

Fréttablaðið hefur greint frá nýrri íslenskri rannsókn á áhrifum fæðingardags á einkunnir barna og lyfjagjöf vegna ofvirkni og athyglisbrests. Rannsóknin sýnir að yngstu börn í bekkjum eru með lægri meðaleinkunnir í stærðfræði og íslensku en þau sem fædd eru fyrr á árinu, og þau yngstu eru mun líklegri til þess að hafa fengið lyf við ofvirkni og athyglisbresti.

Bæði íslenskar og erlendar rannsóknir hafa sýnt svipaðar niðurstöður um áhrif fæðingardags á árangur barna í íþróttum.

„Tölfræðin segir okkur að þeir sem eru fæddir á fyrsta þriðjungi skila sér að minnsta kosti betur í landsliðin,“ segir Ragnhildur um fótbolta, þar sem hennar bakgrunnur er. Hún segir þessi mál hafa verið rædd ítarlega í fótboltaheiminum þó ekki hafi verið gripið til aðgerða enn. Málið verði án efa skoðað nánar. „Það er erfitt að finna lausn. Aðalmálið held ég er að þjálfarar séu meðvitaðir um þetta og einbeiti sér kannski frekar að þeim sem eru fæddir seinna á árinu, sem blómstra seinna. Það er þessi vitundarvakning sem skiptir máli.“

Ragnhildur tekur sem dæmi að Englendingar hafi tekið upp



KÖLBEINN SIGÞÓRSSON Landsliðsmaðurinn er fæddur í mars, en hann spilaði með öllum yngri landsliðunum áður en hann komst í A-landslið karla í fótbolta.

FRÉTTABLAÐID/VALLI

Virðast betri íþróttamenn vegna þroska

Börn sem fæðast fyrr á árinu virðast við fyrstu sýn betri íþróttamenn en þau sem eru fædd seinna á árinu, vegna þess að þau eru í flestum tilvikum líkamlega og andlega þroskaðri. Þetta kemur fram í rannsókn Malcoms Gladwells í bókinni *Outliers*, sem fjallað var um í Fréttablaðinu í vor. Þetta veldur því að þau fá meiri athygli, þjálfarar sýna þeim meiri áhuga og þau fá betri þjálfun. Samkvæmt Gladwell vindur þetta upp á sig með aldrinum og í stað þess að yngri krakkarnir nái þeim eldri verður bilið alltaf breiðara.

Íslensk rannsókn Lýðs Vignissonar hefur sýnt að 65 prósent unglíngalandsliðsmanna í fótbolta, sem voru fæddir á árunum 1994 til 2000, voru fædd fyrri hluta árs. Hrannar Leifsson skoðaði þessi mál einnig og komst að því að knattspyrnuíðkendir sem fæddir eru fyrstu mánuði ársins eru mun líklegri til að skila sér upp í annan flokk en þeir sem fæðast seint.

tvöfalt kerfi í yngri flokkum þar sem börnum er skipt upp annars vegar um áramót og hins vegar í ágúst. „Í stærstu bolta-

greininum hér, handbolta og fótbolta, eru börnin í tvö ár í sama flokki og þá er munurinn enn þá meiri.“

thorunn@frettabladid.is

Jafningjafræðslan hlaut viðurkenningu Barnaheilla – Save the Children:

Styrkja og fræða ungt fólk

SAMFÉLAGSMÁL Jafningjafræðslan hlaut í gær Viðurkenningu Barnaheilla – Save the Children á Íslandi árið 2012 fyrir sérstakt framlag í þágu barna og mannréttinda.

Jafningjafræðsla framhaldsskólanna, sem rekin er af Hinu húsinu, er fræðslu- og forvarnarkerfni fyrir ungt fólk. Jafningjafræðslan var stofnuð á Íslandi árið 1996 af menntaskólanemum og studd danskri fyrirmynd. Upphaflega var Jafningjafræðslan stofnuð til að sporna við og draga úr neyslu vímuefna en á þessum tíma hafði fíkniefnanotkun skyndilega aukist hér á landi.

Hugmyndafræðin er í stuttu máli sú að „ungur fræðir unga“ og eru fræðararnir allir á aldrinum 17-21 árs. Forvarnir eru unnar af ungu fólki fyrir ungt fólk. Víða um heim eru í gangi verkefni sem byggja á þessari hugmyndafræði. Fjölbreytni þeirra er mikil en í flestum tilfellum er unnið að kenndu eða forvörnum gegn ýmsis konar heilsufarslegum vandamálum svo sem HIV-smiti, óabyrgri kynlífshegðun og vímuefnaneyslu svo eitthvað sé nefnt. Í seinni tíð hefur einnig verið lögð áhersla á sjálfs-



VERÐLAUNIN AFHENT Jafningjafræðslan hlaut viðurkenningu Barnaheilla í ár.

FRÉTTABLAÐID/GVA

mynd ungs fólks og leitast við að styrkja hana og efla.

Barnaheill veita árlega viðurkenninguna í tengslum við afmæli Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna þann 20. nóvember.

- kh

Hin rómaða þakkargjörðarveisla Hótel Cabin verður haldin dagana 22. og 23. nóvember.

Verð í hádegi: 2.950 kr
Verð á kvöldin: 3.950 kr

Léttir djasstónar verða leiknir yfir borðhaldi á föstudagskvöldinu. Borðapantanir í síma 511 6030.

Hotel Cabin

Er um flutt í nýtt og glæsilegt húsnæði að Mörkinni 1!



Nýtt á Íslandi!
Parketflísar. Ítölsk gæði og glæsileiki.
Kynningarverð kr. 6.948,- pr. fm.

Er um með mikið úrval af gæða flísum og parketi. Fagleg og persónuleg þjónusta.

GALLERY GÓLF
PARKET & FLÍSAR

Mörkinni 1 - 108 Reykjavík - Sími 562 42 42 www.gallerygolf.is. Opið alla virka daga 10 -18, laugardaga 11 -15.

Dreymir þig um nýtt eldhús?

Þú færð ótal hugmyndir og góð ráð í nýja eldhúsbæklingi IKEA, allt frá því hvernig nýta má plássíð sem best, til stórtækari hugmynda fyrir þá sem þora. 84 síður af fjölbreyttum eldhúsum í mörgum litum, heimilistækjum og fylgihlutum. Þú ert skrefinu nær draumaeldhúsinu með nýja eldhúsbæklingnum!



Eldhúsbæklingurinn bíður þín í rafrænni útgáfu á heimasíðunni okkar, www.IKEA.is, en þú getur líka sótt þér eintak í verslunina ef þú vilt eitthvað ápreifanlegra.



INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Auglýsing um kosningarrétt íslenskra ríkisborgara sem búsettir eru erlendis

Samkvæmt lögum um kosningar til Alþingis eiga íslenskir ríkisborgarar sem flust hafa af landi brott og sest að erlendis kosningarrétt á Íslandi í átta ár frá því þeir fluttu lögheimili sitt, talið frá 1. desember næstum fyrir kjördag. Þeir eru því sjálfkrafa á kjörskrá þann tíma. Að þessum tíma liðnum falla menn af kjörskrá nema sérstaklega sé sótt um að fá að halda kosningarrétti.

Því þurfa þeir, sem vilja vera á kjörskrá, en fluttu af landi brott fyrir 1. desember 2004 og hafa verið búsettir erlendis síðan, að senda umsókn til Þjóðskrár Íslands fyrir 1. desember 2012, til þess að halda kosningarrétti. Kosningarrétturinn gildir þá til 1. desember 2016, en endurnýja þarf hann með nýrri umsókn til Þjóðskrár Íslands eftir 1. desember 2015.

Umsókn skal senda Þjóðskrár Íslands

(umsóknareyðublöð eru á vefsíðu stofnunarinnar: <http://skra.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=5829>) en eyðublöð fást einnig í sendiráðum Íslands erlendis, sendiráðisskrifstofum, skrifstofum kjöræðismanna og hjá fastanefndum við alþjóðastofnanir. Frekari upplýsingar um kosningarréttinn má finna á vefsíðu Þjóðskrár Íslands (<http://skra.is/pages/1223>).

Einungis þeir sem einhvern tíma hafa átt lögheimili á Íslandi geta átt kosningarrétt hér á landi. Kosningarréttur miðast við 18 ára aldur. Reglur þessar gilda með sama hætti um kjör forseta Íslands og þjóðaratkvæðagreiðslur en ekki kosningar til sveitarstjórna.

Sé umsókn fullnægjandi verður umsækjandi tekinn á kjörskrá í því sveitarfélagi þar sem hann átti síðast lögheimili á Íslandi samkvæmt þjóðskrá.

Innanríkisráðuneytið
20. nóvember 2012.



VÍSAÐ FRÁ Magnús var handtekinn og hneppur í gæsluvarðhald í maí 2010. Hæstiréttur mun nú dæma hvort ákæru á hendur honum verði vísað frá. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Ákærinni var vísað frá dómi

Héraðsdómur taldi ákæru á hendur Magnúsi Guðmundssyni óskýra. Einum lið ákæru á hendur Ólafi Ólafssyni líka vísað frá. Ákæran stendur að öðru leyti.

Héraðsdómur Reykjavíkur vísaði í gær frá öllum ákæruliðum í Al Thani-málinu svokallaða er snúa að Magnúsi Guðmundssyni, fyrrverandi framkvæmdastjóra Kaupþings í Lúxemborg. Auk þess er einum lið ákærunnar sem snýr að Ólafi Ólafssyni, sem var einn stærsti eigandi og viðskiptavinur Kaupþings, vísað frá. Embætti sérstaks saksóknara hefur kært úrskurðinn til Hæstaréttar sem mun dæma í málinu á næstu tveimur vikum. Ekki var fallist á frávísunarkröfu Sigurðar Einarsónar, fyrrverandi stjórnarformanns Kaupþings, og Hreiðars Más Sigurðssonar, fyrrverandi forstjóra Kaupþings.

Mennirnir fjórir voru ákærðir í febrúar síðastliðnum. Sérstakur saksóknari telur þá hafa framið umboðssvik og markaðsmisnotkunarbrot, eða átt hlutdeild í slíkum brotum, í tengslum við kaup Q Iceland Finance ehf. á 5,01 prósent hlut í Kaupþingi í lok september 2008. Opinberlega var látið líta út fyrir að Sheikh Mohamed bin Khalifa Al Thani, skráður eigandi félagsins, hefði keypt hlutinn fyrir tæpa 26 milljarða króna og að um erlenda fjárfestingu væri að ræða. Eftir fall Kaupþings kom hins vegar í ljós að bankinn hafði sjálfur fjármagnað kaupin með lánum til tveggja aflandsfélaga.

Samstundis kært til Hæstaréttar

Ólafur Þór Hauksson, sérstakur saksóknari, segist ekki geta tjáð sig efnislega um málið. „Við erum ekki sammála niðurstöðunni, enda var þetta kært samstundis. Þetta fer því til umfjöllunar Hæstaréttar. Við munum gera grein fyrir öllum sjónarmiðum embættisins í greinargerð til réttarins. Það er sjá vettvangur sem við teflum okkar röksemdum fram á.“

Allir hinna ákærðu fóru fram á að málinu yrði vísað frá.

Í úrskurði héraðsdóms, sem Fréttablaðið hefur undir höndum, kemur fram að ákæran á hendur Magnúsi sé svo óskýr og vanreifðu að vísa beri henni frá dómi. Auk frávísunarinnar er íslenska ríkinu gert að greiða lögmanni Magnúsar rúmlega níu milljónir króna í málskostnað. Þá var einum lið ákærunnar á hendur Ólafi Ólafssyni einnig vísað frá. Um er að ræða lið vegna hlutdeildar í markaðsmisnotkun Sigurðar og Hreiðars Más. Ákæru vegna hlutdeildar Ólafs í meintum umboðssvikum er hins vegar ekki vísað frá.

thordur@frettabladid.is

Gerðu góða máltíð betri með Hellmann's

Hellmann's Light inniheldur

27% fitu

og er 40% fituminna en annað létt majónes á íslenskum markaði



Inniheldur Omega 3 & 6

Færri mettadar fitusýrur

Vistvæn egg

Uppskriftir og upplýsingar á hellmanns.is

Sendu nú karlinn út til að setja upp jólaseríurnar! – með réttu græjunum



Álstigi 3x8 þrep
2,27-5,05 m
16.990

Áltrappa 5 þrep
5.990

Áltrappa 4 þrep
4.990

Álstigi 12 þrep 3,38 m
7.390

Álstigi 2x12 þrep
3,61-6,1 m
25.990

Reykjavík - Reykjanesbæ
Akureyri - Húsavík
Vestmannaeyjum



MURBUDIN

– Afslátt eða gott verð?

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

ÞAKKAGJÖRÐARHÁTÍÐIN

...er á morgun

STEIKTUR HEILL KALKÚNN að hætti kokklandsliðsins

1 stk heill kalkúnn	FYLLING
Salt og pipar	1 dl saxaður laukur
Smjör	1 dl rauðlaukur saxaður
Klútur	1 dl epli söxuð
	1 dl saxað sellerí
	Söxuð salvía
	Saxað timijan
	2 dl smjör
	5 dl brauðteningar
	2 egg

Allt grænmetið er svitað við nokkuð vægan hita á pönnu uns algerlega meyr. Kælið grænmetið og blandið síðan saman við restina af hráefnunum. Kryddið að lokum vel með salti og pipar.

Snyrtið kalkúninn og smyrjið vel með smjöri. Kryddið að innan sem og utan með salti og pipar. Smellið fyllingunni í hann og lokið. Setjið á grind og brúnið í ofni við 210 gráður í 12 mín ca eða þangað til hann er orðinn fallega gylltur. Takið kalkúninn út og lækkið ofnin í 120 gráður. Takið klút sem hefur verið bleyttur vel með smjöri og leggið yfir kalkúninn. Eldið hann svo áfram í ofninum í ca 3 ½ til 4 klukkutíma og munið á 15 mín fresti að taka smjörið og safann og hella aftur í klúttinn sem liggur á kalkúninum. (Uppskriftin miðast við ca 5kg fugl).



**KALKÚNN
FERSKUR**
1549 KR/KG
VERÐ ÁÐUR 1749

KOMIÐ Í
VERSLANIR!



SMJÖRSPRAUTAÐ KALKÚNASKIP



KALKÚNASPRAUTUSETT
SPRAUTA, SUGA OG BURSTI



TRÖNUBER



SAETAR 298KR/KG
KARTÖFLUR



ARGENTÍNU 1198KR
KALKÚNAFYLLING



TRÖNUBERJASÓSA
359KR



KALKÚNAFYLLING
659KR

EFTIRRÉTTIR Í ÚRVALI Á USA DÖGUM



CHEESECAKE FACTORY
OSTAKÖKUR



SARA LEE
OSTAKAKA



MRS. SMITH'S
EPLAPÆ



EDWARDS
SÆLKÖRKUR 5 TEG.

Gildir til 25. nóvember meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

Tásurnar á Michelle Obama

Í DAG

Sif Sigmarsdóttir
ríthöfundur



Glaðvær jólatónlist hljómar í bakgrunninum. Um sjónvarpsskjáinn þeytist móðir í jólahreingerningum með kústi í hendi og örvæntingum í augum. Það bætist í skæran bjöllu-hljóminn þegar mamma brýst í gegnum hríðarbyl út í búð. Snjóbarin snýr hún heim til að pakka inn jólagjöfunum og elda jólamatinn. Þýður englakór leysir bjöllurnar af hólmi. Jólin renna upp. Til borðs situr restin af fjölskyldunni. Pabbinn hámar í sig kræsingarnar og börnin rífa upp gjafirnar. Mamma strýkur sér um ennið og lætur sig falla niður á eldhúskoll.

Það vill svo furðulega til að jólaauglýsingar nokkurra helstu matvöruverslana Bretlands sem heyja nú harðan slag um jólaværslunina eru nákvæmlega svona. Í fyrstu komu mér aðeins til hugar tvær hugsanlegar skýringar á því hvers vegna bresk fyrirtæki dansa vals steriótýpskrar kvenfyrirlitningar svona fullkomlega í takt: a) breskar auglýsingastofur hafa fundið upp tímavélina og úthýsa hugmynda-vinnunni til ársins 1970 í sparnaðarskyni, b) auglýsingastofurnar eru uppfullar af fornfálegum karlfauskum. Það var ekki fyrr en eftir dálitla umhugsun að mér kom þriðja og óhugnanlegasta skýringin í hug.

Kvenfyrirlitning eins og farsótt

Undanfarnar vikur höfum við feministar haft úr nógu að velja

þegar kemur að dóti til að láta fara í taugarnar á okkur. Það var stráklingurinn á Akureyri sem hóf hljóðnemann og kvenfyrirlitninguna á loft á knattspyrnu-leik kvenna á íþróttadegi menntaskólans þar í bæ. Svo voru það karlreimurnar í Menntaskólanum við Sund sem útbjuggu klúrt myndband til að auglýsa skemmtiviku nemendafélagsins. Loks var það bókaútgefandinn sem gaf út bleiku og bláu barnabækurnar þar sem stelpum er kennt að ryksuga en strákum sagt að setja stefnuna upp í geim.

Það er freistandi að tækla úreltar – en því miður útbreiddar – kynjahugmyndir sem þessar með því að skrúfa einfaldlega niður í hljóðnemanum eða – eins og sumir kölluðu eftir að yrði gert – láta innkalla bækurnar. Slík hvatvísi er hins vegar vitagagnslaus. Kvenfyrirlitning er nefnilega eins og farsótt. Annars vegar höfum við sjúkdóminn sjálfan, hins vegar sjúkdómseinkennin. Meira að segja menn á miðöldum vissu að maður læknar ekki svartadaða með því að skera burt húðkylin.

„Mömmuleg“ fót

Ég var stödd í Bandaríkjunum nýverið. Þar sá ég viðtal við sjónvarpskonu sem hafði tekið viðtal við Michelle Obama. Með stjörnur í augunum lýsti fjölmiðlakonan því hvernig forsetafrúin hefði sest í sófann fyrir framan myndavélina, klætt sig úr skónum, smokrað tásunum undir sig og sagt að hún vildi að þema viðtalsins væri spjall tveggja mæðra. Michelle hafði auk þess lagt til að hún og fréttakonan klæddu sig upp í „mömmuleg“

„Berar tásurnar á frú Obama eru holdgervingur þess sem stendur jafnrétti á Vesturlöndum fyrir þrifum.“

föt fyrir viðtalið. Mig langaði til að rífa úr mér auga til að hafa eitthvað til að kasta í sjónvarpsskjáinn. Gátu konurnar sett sig í klisjukenndari stillingar?

Berar tásurnar á frú Obama eru holdgervingur þess sem stendur jafnrétti á Vesturlöndum fyrir þrifum. Þrátt fyrir að í orði séu flestir sammála um að konur séu jafn vel til þess fallnar og karlar að afla tekna, stýra fyrirtækjum og heilu löndunum er raunin oft önnur á borði. Ímynd kvenna hvílir enn á stoðum fornra hugmynda um hlutverk hins umburðarlynda uppalanda sem býr afkvæmum og eiginmanni öruggt skjól; um hina náttúrulegu móður sem tiplar um á kasmírullar-gólfteppinu, berfætt og tignarleg, án þess að vel snyrtar tærnar yfi svo mikið sem þráð á yfirborðinu.

Þessi ímynd fylgir konum hvert sem þær fara og er þeim fjötur um fót jafnvel þótt þær fari ekki úr skónum. Oddný G. Harðardóttir, fyrrum fjármálaráðherra, lenti í fyrsta sæti í prófkjöri Samfylkingarinnar í Suðurkjördæmi um helgina. Hvaða knýjandi spurningar ákvað fréttamaður RÚV að spyrja hana í kjölfarið? Jú, það sem fréttamaður vildi helst vita var hvort Oddný þakkaði sigurinn því að hún er kona.

Graftarkýli samfélagsins

Strákkjakkurinn á Akureyri er aðeins sjúkdómseinkenni. Hann er graftarkýli. Sjúkdómurinn sjálfur er alvarlegri en einstaka kýli. Hann er sýking sem flýtur um samfélagið eins og baktería um líkamann. Hann er hið aldagamla viðhorf að konur séu ekki líklegar til stórvirkja annars staðar en kannski í eldhúsinu og svefnherberginu. Ofan á það bætist að stígi kona út fyrir þessi tvö herbergi eins og Oddný G. Harðardóttir gerði er gefið í skyn að árangurinn stafi eingöngu af aumingjagæsku; að hún sé í raun ekki hæf heldur hafi hún flotið á toppinn sem eitthvert verðleikasúkkulaði í keppninni um stóru stöðurnar.

Ástæðan fyrir því að jólaauglýsingar verslana sýna örbreyttar konur glíma hjálparlaust við jólasteikina er ekki sú að auglýsingastofur eru uppfullar af karlpungum sem langar til að hlekkja konur við eldavélina. Auglýsingarnar endurspeglar einfaldlega viðhorf samfélagsins – viðhorf karla og kvenna. Verslunareigendur beina auglýsingum sínum til uppgefina húsmæðra því raunin er sú að í flestum tilfellum sjá þær um jólasteikina, jólainnþökkunina og uppvaskið.

Eina leiðin til að koma í veg fyrir að graftarkýli samfélagsins spretti upp, hvort sem um er að ræða seinþroska menntskælinga eða andlausar jólaauglýsingar, er að skera upp herör gegn hinni hefðbundnu hlutverkaskiptingu kynjanna. Konur: Við getum byrjað á því að finnast við ekki þurfa að vera konan í auglýsingunni sem gerir allt. Karlar: Þið getið lært að hafa til jólasteikina en uppskriftina má finna á internetinu.

AF NETINU HVAD ER ÞJÓÐARMORÐ?

Ekki er nokkur vafi á því að gyðingaofsóknir nasista voru þjóðarmorð. Saklaust fólk var handtekið, aðskilið frá ástvinum sínum og vistað í pestarbælum þar sem taugaveikifaraldur geisaði, það var svelt, þrælað, sumir voru pyntaðir og tugir þúsunda létu lífið. Um það efast enginn, ekki heldur þeir sem telja Elie Wiesel kríta líðugt. Ein helför réttlætir þó ekki aðra. Hugtakið þjóðarmorð á einnig við um það ástand sem nú hefur varað í Palestínu í 64 ár og má telja í meira lagi kaldhæðnislegt að ríki sem stofnað var vegna þeirrar samúðar sem Gyðingar hlutu sem fórnarlömb þjóðarmorðs, skuli sjálf standa fyrir aðgerðum sem falla undir viðurkenndar skilgreiningar á þjóðarmorði.

<http://blog.pressan.is/evahauks>

Eva Hauksdóttir

MIKIL VERÐMÆTI EN ÓVIÐUNANDI ARÐUR

Álfralemiðsla er mesta orkubruðil sem hugsanlegt er. Það kostar tíu sinnum meiri orku að bræða eitt tonn af áli en eitt tonn af stáli. Setjum sem svo að í hlíðum Esjunnar og Ármannsfells á Pingvöllum væri stundað malarnám til útflutnings sem þúsund manns ynnu við og að mölin væri seld með engum ágóða eða jafnvel tapi. Þá væri samt hægt að segja að þessi malarvinnsla skilaði miklum verðmætum.

omarragnarsson.blog.is

Ómar Ragnarsson

Gille piparkökur
einfalda
jólabaksturinn



– alvöru piparkökur

BÓNUS

HAGKAUP

Fást í verslunum Hagkaups og Bónus

Mikilvægar ákvarðanir

Fjöldi íslenskra heimila er í alvarlegum fjárhagsvanda, rúmlega 27.000 einstaklingar á vanskilaskrá og fer fjöldandi. Tugir þúsunda til viðbótar hafa glatað eigin fé í eignum sínum og sjá fram á erfiðar afborganir af verðtryggðum lánum næstu áratugi.



Guðjón Sigurbjartsson
atvinnurekandi og frambjóðandi í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík

Hvað er til ráða? Hvernig getum við bætt hag heimilanna verulega og þegar fram í sækir bætt lífskjör okkar þannig að þau verði ekki síðri en hjá þeim nágrannaþjóðum sem betur mega sín? Það er í rauninni aðallega tvennt sem kemur til greina til að bæta hag heimilanna, það er að auka tekjur og lækka útgjöld.

Auknar meðaltekjur heimilanna fást aðeins með aukinni þjódarframleiðslu. Undanfarnin 30 ár höfum við dregist aftur úr nágrannaþjóðum okkar, Norðurlöndunum og Bretlandi, um 0,4% á ári að jafnaði. Þjódarframleiðslan hjá okkur hefur aukist um 1,4% að meðaltali en hefði þurft að aukast um 1,7% til að halda í við þessar þjóðir. Hvernig getum við aukið þjódarframleiðsluna hraðar en verið hefur?

Sjávarútvegur og orkufrekur iðnaður geta ekki vaxið mikið úr þessu. Vöxturinn verður í nýjum útflutningsatvinnugreinum. Eftir 20 ár þurfa þær að standa undir 50% þjódarframleiðslunnar ef við eigum að halda í við nágrannaþjóðirnar. Ferðaþjónusta stendur nú þegar undir 20%. Hátækniíðnaður, svo sem hjá Marel, Össur og Actavis, skapandi starfsemi, svo sem hjá tölvuleikjaframleiðandnum CCP, og kvikmyndaiðnaður eins og Saga film og Truenorth

geta vaxið. Til þess að svo verði þarf að búa þeim hér gott starfsumhverfi. Mestu skiptir fyrir þau stöðugleiki, traustur gjaldmiðill, hóflegt vaxtastig, hagstætt verðlag og aðgangur að vel menntuðu starfsfólki. Á undanförunum árum hafa flest ofangreind fyrirtæki vaxið meira erlendis en hér vegna þess að umhverfið hér hefur ekki verið hagfellt. Þessu þarf að breyta og það tekst vart án ESB og evrunnar enda fylgja forráðamenn flestallra þessara fyrirtækja inngöngu í Evrópusambandið.

Þetta myndi lækka útgjöld meðalfjölskyldu í kringum 100 þús. kr. á mánuði vegna lægri skatta, lækkunar matvælavæðs, minni hækkunar vísitölutryggðra lána og lægri vaxta ef evran verður tekin upp. Þetta yrði mikið átak, sem yrði að undirbúa vel. Meðal þess sem þyrfti að passa upp á er að hafa tiltæka áætlun til að aðstoða bændur sem missa tekjur og sitja uppi með verðmíni eignir að koma undir sig fótunum með nýjum hætti. Vaxandi ferðaþjónusta býður upp á mörg tækifæri, það þarf víða að taka til hendinni og sjálfsagt að nýta vinnuaflið sem losnar úr læðingi til gagnlegra verka sem koma heildinni til góða.

Lækkum útgjöld

Þá er það hin hliðin, lækkun útgjalda heimila. Hvernig má lækka þau að gagni? Við lítum öll í eigin barm þegar herðir að og getum flest lækkað okkar daglegu útgjöld nokkuð og höfum verið að gera það. Sum útgjöld er reyndar ekki hægt að lækka að ráði. Vonir margra standa til að hluti af hækkun verðtryggðra lána frá hrúni verði felldur niður. Hvort sem það verður eða ekki þurfa önnur útgjöld heimilanna að lækka. Síðar þegar afkoma ríkissjóðs hefur skánað verður hægt að lækka skatta og það mun örva hagvöxt.

Sú útgjaldalækkun heimila sem stjórn málin geta staðið fyrir er að taka á útgjaldaliðum er tengjast landbúnaðinum. Hann er að talsverðu leyti ósjálfbær og þrífst í skjóli innflutningshafa og styrkja, skapar aðeins 1,3% landsfram-

→ Þessu þarf að breyta og það tekst var án ESB og evrunnar enda fylgja forráðamenn flestallra þessara fyrirtækja inngöngu í Evrópusambandið.

leiðslunnar. Það má stórlækka útgjöld heimilanna með því að opna á innflutning landbúnaðarafurða og minnka styrki til greinarinnar. Þetta myndi lækka útgjöld meðalfjölskyldu í kringum 100 þús. kr. á mánuði vegna lægri skatta, lækkunar matvælavæðs, minni hækkunar vísitölutryggðra lána og lægri vaxta ef evran verður tekin upp. Þetta yrði mikið átak, sem yrði að undirbúa vel. Meðal þess sem þyrfti að passa upp á er að hafa tiltæka áætlun til að aðstoða bændur sem missa tekjur og sitja uppi með verðmíni eignir að koma undir sig fótunum með nýjum hætti. Vaxandi ferðaþjónusta býður upp á mörg tækifæri, það þarf víða að taka til hendinni og sjálfsagt að nýta vinnuaflið sem losnar úr læðingi til gagnlegra verka sem koma heildinni til góða.

Ef við förum þessa leið, að taka á liðum er tengjast landbúnaðinum, verður samningagerðin við ESB auðveldari en ella og evran innan seilingar. Það verður þá lítið því til fyrirstöðu að setja aukinn þunga í aðildarumsóknina og bæta með því skilyrði nýju atvinnugreinanna sem verða að vera helstu undirstaða bættra lífskjara í framtíðinni. Staða okkar er erfið og mun ekki batna nema að við tökum réttar ákvarðanir. Nú er verið að velja fólk á lista stjórnmalaflokkanna. Kjósendur ættu að hafa þetta í huga þegar þeir velja sína fulltrúa.

Opið bréf til Sóleyjar

Komdu sæl, Sóley. Okkur langar að byrja á að þakka þér fyrir skjót viðbrögð við opnu bréfi okkar og jafnframt að benda þér góðfúslega á að persónugera ekki bréfið sem kemur frá stjórn Barnsins, félags dagforeldra í Reykjavík.

LEIKSKÓLAR



Sigrún Edda Lövdal
f.h. Barnsins, félags dagforeldra í Reykjavík

Í bréfi okkar kölluðum við ekki eftir skoðunum þínum heldur báðum þig að færa rök fyrir þeim mikla viðsnúningi sem þú vilt meina að verði í þjóðfélaginu með þessum orðum þínum:

„Náist að brúa þetta bil mun það hafa jákvæð áhrif á menntun barna, líðan og atvinnuþátttöku foreldra, atvinnulífið og samfélagið í heild sinni. Það mun fjölga störfum bæði karla og kvenna, stuðla að jafnari tækifærum og þar með auknu jafnrétti kynjanna.“

Í þessu sama bréfi kröfðumst við þess að þú svaraðir þessum spurningum okkar: Ef þér er svona umhugað um foreldra þessara ungu barna, af hverju hefur þú aldrei barist fyrir hækkunum á niðurgreiðslum á daggæslu barna þeirra hjá dagforeldrum? Af hverju þú hefur horft upp á það þegjandi og hljóðalaust að foreldrum í Reykjavík sé mismunandi svo um munar þegar kemur að niðurgreiðslum á daggæslu barna þeirra í borginni miðað við niðurgreiðslur til ung- barnaleikskóla?

Það er okkar mat að foreldrar hafi ekki raunverulegt val þegar kemur að daggæslu fyrir þetta ung börn sín, þar sem borgin hefur dregið lappirnar með hækkun á niðurgreiðslu til foreldra sem velja að hafa barn sitt hjá dagforeldrum

→ Rúmlega 50% foreldra vilja ekki að þetta ung börn sín fari inn á leikskóla

þar sem töluverður munur er á gjaldskrá dagforeldra og leikskóla.

Það kom fram í skoðanakönnun sem borgin lét gera á meðal foreldra í vor að rúmlega 50% foreldra vilja ekki að þetta ung börn sín fari inn á leikskóla. Leikur

okkur forvitni á að vita hvort ekki sé tekið tillit til vilja foreldra heldur eingöngu þess hver þín skoðun sé og fleiri borgarfulltrúa á hvar börnin eigi að dvelja í daggæslu yfir daginn, hvernig sem foreldrum líkar það?

Frekar að laga tannlæknaþjónustu

Það má gera ráð fyrir því að ef lengja á fæðingarorlof, þá hafi það umtalsverðan kostnað fyrir ríkissjóð í för með sér, sem í dag hefur ekki burði til þess að hafa þá sjálfsögðu þjónustu, sem tannlækningar barna eru, gjaldfrjálsa. Eins og marg oft hefur komið fram í fjölmiðlum hefur tannheilsu barna hrakað svo um munar á síðastliðnum árum. Væri ekki nærtækara að berjast fyrir því að koma þeim málum í lag svo þau börn sem búa við lélega tannheilsu geti sofíð verkjalaus um nætur í stað þess að berjast fyrir því að koma kornungum börnum úr því rólega umhverfi sem dagforeldrar hafa upp á að bjóða, inn á leikskóla þar sem þau dvelja í allt að 20 barna hópi í þeim hávaða sem mælst hefur á leikskólum? Sá hávaði er vart þjóðandi fullorðnu fólki, hvað þá þetta ungum börnum.



Markaðsfyrirtæki ársins 2012 hvað þarf til?

Málstofa MBA námsins í Háskóla Íslands og ÍMARK.
Hátíðasalur Háskóla Íslands í Aðalbyggingu,
fimmtudagur 22. nóvember kl. 12-13.

Ingólfur Örn Guðmundsson, framkvæmdastjóri Markaðssviðs Marel, fjallar um markaðsstefnu fyrirtækisins og lykilinn að góðum árangri.

Fundarstjóri:

Þórhallur Örn Guðlaugsson, dósent við Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands.

Ókeypis aðgangur, allir velkomnir.



DEWALT®

HÖRKUTÓL

á heima hjá Sindra



DCD710
Létt og nett borvél
Patróna 10mm
LED Ljós
Rafhlaða: 2 x 1,5Ah Li-Ion
Þyngd: 1,1Kg
Gírar: 2

KR. 35.900.-



DCD780C2
Patróna 13mm
Rafhlaða 2 * 1,5Ah Li-Ion
Led ljós
Hersla 60 Nm
Þyngd 1,55kg
Gírar 2

KR. 49.900.-



DCD780M2
Patróna: 13mm
Rafhlaða: 2 * 4,0Ah Li-Ion
Led ljós
Hersla: 60Nm
Þyngd 1,84kg
Gírar: 2

KR. 79.900.-

DW089
3 Línu laser
Sjálfstillandi
Þyngd: 0,8kg
4 x AA rafhlöður
Nákvæmni
+/- 0,3mm/m
Sterk taska fylgir



KR. 79.900.-

DW743
Veltisög
Afli : 2000W
Snú/min: 2850
Blað: 250mm



KR. 119.900.-

TS170349
Vagn með 3 töskum
DS150, DS300
og DS400
Vagninn ber allt að
120Kg á botnplötunni
og 80Kg á festingum



KR. 69.900.-

SETT

DCK296CS
2 gíra borvél m/höggi
13mm patróna
Skrúfvél 1/4" HEX
Kraftur: 8Nm
Rafhlaður: 2 x 1,5Ah 18V
2 x 1,3Ah 10,8V
Hleðslutæki: 30 mín
Koma í góðri tösku

KR. 89.900.-



SINDRI

Viðarhöfði 6 - Reykjavík | Bæjarhraun 12 - Hafnarfirði

www.sindri.is | sími 575 0000

M
MICHELSSEN
ÚRSMÍÐIR SÍÐAN 1909
Laugavegur 15 - 101 Reykjavík
511 1900 - www.sviss.is

tudorwatch.com



TUDOR HERITAGE BLACK BAY

TUDOR
WATCH YOUR STYLE

MARKAÐURINN

Miðvikudagur 21. nóvember 2011 | 18. tölublað | 8. árgangur

Sími: 512 5000 | [visir](http://www.visir.is) www.visir.is

Parf prentun?
Vistvæna prentun?
GUDJÓNÓ
VISTVÆN PRENTSMÍÐJA
Sími 511 1234 • www.gudjono.is



FORSKOTIÐ HEYRIR SÖGUNNI TIL

→ Norðmenn hafa unnið upp forskot Íslendinga við sölu og markaðssetningu á fiski

→ Framboð á þorski meira en um áratuga skeið – Rússar keppa um hefðbundna markaði Íslendinga

→ Stjórnvöld bjóða samstarf í sölu-málum

→ Sóknarfæri á gömlum og grónum mörkuðum

LSR er stærsti eigandi Haga

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins (LSR) hefur bætt við sig miklu magni af bréfum í Högum það sem af er ári. Í febrúar síðastliðnum átti A-deild sjóðsins 1,9 prósentu hlut í félaginu, sem sett var á markað í desember 2011. B-deild hans var ekki á meðal 20 stærstu hluthafa á þeim tíma og átti því í mesta lagi 0,6 prósentu hlut. Í byrjun nóvember var eignarhlutur A-deildar LSR orðinn 8,4 prósent auk þess sem B-deildin átti 4,9 prósent. Samanlagt er eignarhlutur deilda LSR því 13,3 prósent sem gerir sjóðinn að stærsta einstaka eiganda Haga. Markaðsvirði þess hlutar er í dag um 3,5 milljarðar króna. Næststærsti eigandinn er Gildi lífeyrissjóður með 10,3 prósentu eignarhlut. Gengi bréfa í Högum hefur hækkað um rúm 20 prósent frá byrjun febrúar síðastliðins.

Spurður hvað valdi þessum hröðu uppkaupum á bréfum í Högum segir Haukur Hafsteinsson, framkvæmdastjóri LSR, sjóðinn meta félagið sem góðan fjárfestingakost.

- þsj

Icelandair og Íslenska skrifa undir nýjan samning

Icelandair og Íslenska auglýsingastofan hafa skrifað undir nýjan samning um áframhaldandi samstarf. Samningurinn tekur til markaðsstarfs á Íslandi og markaðs- og auglýsingastarfs Icelandair á mörkuðum í Evrópu, Norður-Ameríku og fleiri löndum. Um er að ræða einn stærsta auglýsingasamning sem gerður hefur verið á Íslandi, enda Icelandair á meðal stórtækustu auglýsenda landsins.

Icelandair og Íslenska auglýsingastofan hafa unnið saman um árabíl og unnið fjölda íslenskra markaðsverðlauna. Hjalti Jónsson, framkvæmdastjóri Íslensku auglýsingastofunnar, segir að sterk sýn á markaðsmál, stefnumótun og skýr markmiðasetning hafi gert það að verkum að samstarf stofunnar við Icelandair hafi verið mjög farsælt og skapandi.

Helgi Már Björgvinsson, framkvæmdastjóri sölu- og markaðssviðs Icelandair, segir öflugt markaðsstarf á öllum mörkuðum fyrirtækisins hafa gegnt mikilvægu hlutverki í að ná þeim góða árangri sem Icelandair hefur náð á undanförnum árum. „Stærð, þekking og reynsla Íslensku auglýsingastofunnar hefur verið okkur mikilvæg í þeirri sókn og uppbyggingu sem hefur átt sér stað hjá félaginu undanfarin ár.“

- þsj

Sjónmælingar í Optical Studio

Tímamantanir í síma:

Optical Studio í Smáralind, 5288500


Optical Studio í Keflavík, 4213811

Optical Studio í Leifsstöð, 4250500


Optical Studio
SMÁRALIND • LEIFSTÖÐ • KEFLAVÍK

Fróðleiksmolinn DataMarket

Raunveruleikinn og spár Seðlabankans frá 2009



Verðbólga vs. verðbólguþá Seðlabankans
Verðbólguþá Seðlabankans sem birtist í ritinu Peningamál nóvember 2009 er býsna sannspá framán af spátímanum, en þegar líður á árið 2011 fer verðbólgan á skrið sem Seðlabankinn sá ekki fyrir og er umtalsvert hærrí síðari hluta 2011 og 2012. HEIMILDIR: HAGSTOFA ÍSLANDS, SEÐLABANKI ÍSLANDS. HTTP://DATA.IS/SMPNZG



Hagvöxtur vs. hagvaxtarspá Seðlabankans
Í árslok 2009 gerði Seðlabankinn greinilega ráð fyrir að skellurinn yrði jafnvel í þyngri en raunin varð. Rauntölur fyrir 2012 liggja ekki fyrir, en nú er búist við að hagvöxtur í ár verði í kringum 2,5%, sem er heldur minna en bankinn gerði ráð fyrir á sínum tíma eða 3,4%. HEIMILDIR: HAGSTOFA ÍSLANDS, SEÐLABANKI ÍSLANDS. HTTP://DATA.IS/SMSTDD



EFTIRLIT Fjármálaeftirlitið telur sig bundið þagnarskyldu um hverjir séu virkir eigendur Straums. Unnur Gunnarsdóttir er forstjóri eftirlitsins. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

FME upplýsir ekki um eigendur Straums

Fjármálaeftirlitið telur sig ekki mega upplýsa hverjir eiga Straum. Deutsche Bank í Hollandi heldur á 99 prósent hlutdeildarskírteina eigenda Straums. Á meðal eigendanna er Davidson Kempner.

BANKAR | FRÉTTASKÝRING
Þóroar Snær Júlíusson | thordur@frettabladid.is

Fjármálaeftirlitið (FME) er með upplýsingar um virka eigendur Straums fjárfestingabanka en telur sig ekki geta veitt aðgang að þeim upplýsingum á grundvelli þagnarskyldu. Straumur er með fjárfestingabankaleyfi og er virkur þátttakandi í íslensku fjármálalífi. Bankinn hefur meðal annars umsjón með hlutafjárútbodum og skuldabréfaútgáfum.

VITA HVERJIR MUNU EIGA GLITNI OG KAUPPING

Markaðurinn spurði FME einnig að því hvort eftirlitið hefði greint hverjir stærstu eigendur Kaupplings og Glitnis verða ef nauðasamningar bankanna tveggja verða samþykktir, en stefnt er að því að það verði gert á allra næstu mánuðum. Í svari FME segir að það hafi „undir höndum upplýsingar um hverjir eru stærstu almennu kröfuhafarnir miðað við ákveðinn tímavert. Þess ber þó að geta að enn er ágreiningur um réttthæð krafna ásamt því að kröfur ganga enn kaupum og sölum. Er því ekki hægt að slá því föstu á þessum tímavertum hverjir verða hinir endanlegu eigendur“. FME telur sig ekki geta upplýst hverjir séu stærstu almennu kröfuhafarnir en lagði áherslu á að eftirlitið hefði veitt gömlu bönkunum leyfi til að fara með virkan eignarhlut í nýju bönkunum að uppfylltum ákveðnum skilyrðum, þ.m.t. að eignarhaldið skyldi vera í höndum dótturfélaga sem eru fjárhagslega og stjórnmunarlega sjálfstæð frá gömlu bönkunum.

Nauðasamningur 2010

Kröfuhafar Straums-Burðarás fjárfestingabanka samþykktu nauðasamning fyrir félagið um mitt ár 2010. Í kjölfarið var búið til eignaumsýslufélag, ALMC, utan um helstu eignir Straums, sem voru þá metnar á 1,2 milljarða evra, tæplega 200 milljarða króna. Um 90 prósent eignanna voru erlendis. Almennir kröfuhafar Straums urðu síðan eigendur ALMC eftir nauðasamningssamþykktina. Í tilkynningu frá árinu 2010 kom fram að „þeirra stærstir eru Landsbanki Íslands, Raffeisen Zentralbank Österreich, Goldman Sachs Lending Partners, Bayerische Landesbank og Deutsche Bank“. Í helgarblaði Fréttablaðsins var síðan greint frá því að vogunarsjóðurinn Davidson Kempner væri einnig á meðal stærstu eigenda félagsins. Í tilkynningunni kom einnig fram að samþykkt nauðasamninganna

hefði falið það í sér að almennir kröfuhafar hefðu eignast skuldabréf á ALMC sem samsvöruðu 99 prósentum af kröfum þeirra og hlutabréf sem samsvöruðu einu prósentu þeirra. Saman mynda skuldabréfin, sem geta gengið kaupum og sölum, og hlutabréfin, hlutdeildarskírteini. Deutsche Bank AG í Amsterdam heldur á yfir 99 prósentum af hlutdeildarskírteinum ALMC í hlutverki vörsluaðila fyrir hönd hinna eiginlegru hluthafa. Skuldabréfin eru síðan á gjalddaga í lok árs 2014 og munu þá umbreytast í almenna hluti í eignaumsýslufélaginu.

Fékk fjárfestingaleyfi í fyrra

Ein af eignum ALMC er Straumur fjárfestingabanki, sem fékk fjárfestingabankaleyfi í byrjun september 2011. Hann hefur síðan stundað víðtæka fyrirtækjaþjónustu og meðal annars haft um-

sjón með hlutafjárútbóði Eimskips. Bankinn sér auk þess um vörslu og umsýslu á öllum eignum SPB hf., sem áður hét Sparisjóðabanki Íslands. Markaðurinn beindi fyrirspurn til FME um hvort það hefði vitneskju um hverjir eigendur Straums væru hverju sinni og hvort hægt væri að nálgast þær upplýsingar ef þær lægju fyrir. Í svari eftirlitsins segir: „ALMC fer með virkan eignarhlut í Straumi hf. Í tengslum við mat á virkum eignarhlut í fjármála fyrirtæki er aflað upplýsinga um þá aðila sem fara með yfir 10% eignarhlut í virkum eignum. Koma framangreindar upplýsingar inn í heildarmat á hæfi virks eiganda. Þess má geta að Fjármálaeftirlitið fær upplýsingar um virka eigendur í ALMC með reglubundnum hætti en getur á grundvelli þagnarskyldu ekki veitt aðgang að þeim upplýsingum.“

Vogunarsjóðir sem eiga kröfur á Glitni og Kaupping eru víðar:

Keyptu skuldir íslenska ríkisins

Vogunarsjóðir sem eru á meðal kröfuhafa Glitnis og Kaupplings voru á meðal þeirra sem keyptu skuldabréf á íslenska ríkið í fyrrasumar, samkvæmt heimildum Markaðarins. Ekki hafa fengist upplýsingar um það um hvaða sjóði er að ræða. Ríkissjóður Íslands ræddi í alþjóðlega skuldabréfaútgáfu í júní 2011 og seldi skuldabréf fyrir einn milljarð Bandaríkjadala, um 114 milljarða króna á þeim tíma. Mikið var látið með að útgáfan sýndi að ríkissjóður nýti enn trausts á alþjóðamörkuðum. Fjármálaráðuneytið lét greina hverjir kaup-

endur bréffanna höfðu verið. Samkvæmt þeirri greiningu var samsetning fjárfestahópsins upphaflega þannig að eignastýringar, tryggingafélög og lífeyrissjóðir keyptu 85 prósent útgáfunnar, vogunarsjóðir um átta prósent og aðrir sjó prósent. Heimildir Fréttablaðsins herma að í þessari greiningu hafi komið í ljós að vogunarsjóðir sem áttu kröfur á íslensku bankana hafi keypt á bilinu fjögur til fimm prósent útgáfunnar strax í upphafi. Skuldabréfin hafa síðan sum hver skipt um hendur enda virkur markaður með ríkisskuldabréf.

Dagatal viðskiptalífsins keldan dagatal viðskiptalífsins

- Miðvikudagur 21. nóvember**
 - Upplýsingar um leiguverð íbúðahúsn.
 - Greiðsluþjónunarvísit. í des. 2012
 - Mánaðarl. launavísit. í okt. 2012
 - Útboð verðbréfa
 - Hugbúnaðarráðstefna Ský „Smíðað fyrir símann“
- Föstudagur 23. nóvember**
 - Bankakerfi – hagölur Sí
 - Útboð ríkisbréfa
- Mánudagur 26. nóvember**
 - Ýmis lánafrýrtæki – hagölur Sí
- Þriðjudagur 27. nóvember**
 - Væntingavísitala Gallup
 - Viðskipti með atvinnuhúsn. í okt. 2012
- Miðvikudagur 28. nóvember**
 - Verðbréfavíðskipti – hagölur Sí
 - Staða markaðsverðbréfa – hagölur Sí

Allar markaðsupplýsingar eru aðgengilegar á vísir

Rekstrarvörur
- vinna með þér
Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is

2012

Jólahlaðborð

Jólahlaðborð Perlunnar byrjar þann 15. október



Frábærir tónlistamenn flytja tónlist í Jólahlaðborðinu. Grétar Örvarsson og Sigga Beinteins á fimmtudögum og sunnudögum. Þórir Baldursson og Sveinn Óli Jónsson spila á föstudögum og laugardögum.

Gjafabréf
Perlunnar
Góð gjöf við
öll tækifæri!

Forettir

Villibráðasúpa
Kavíar
Reyktur lax
Graflax
Reyktur áll á eggjum
Parmaskinka
Hreyndýra paté
Andalifra-terriner
Sveitapaté
Lifrarkæfa
Sjávarréttasalat
Rækjur
Síldar salöt
Heitreyktur silungur
Salat
Nautatunga
Hvala eða Gæsa carpaccio

Adalrettir

Grillað dádýr
Purusteik á Danska vísu
Roastbeef
Hamborgarhryggur
Kjúklingur tandoori
Kalkúnabringur
Hangikjöt
Kalkúnalæri
Andarleggir
Flamborað góðgæti 2 tegundir

8.790 kr.

tilboð mánud.-miðvikud

7.790 kr.

Eftirettir

Ris á l'allemande
Súkkulaðiterta
Perlu súkkulaði bomba
Heit eplakaka
Dimekaka
Karmellukaka
Eggjabúðingur
Dessert í glösum
Ísar
Smákökur
Gulrótarkaka
Súkkulaðibollar
Rúlluterta

Uppselt: 24. & 30. nóv - 1.- 7.- 8. & 15 des.

Opið í hádeginu

Föstudagana 7. og 14. desember
Laugardagana 8. og 15. desember

Aðeins 5.290 kr.

Sköttu og Jólahlaðborð

23. desember

5.290 kr.

Nýárskvöldi Perlunni

1. janúar - opnum kl. 19



Mekka verður með
vínsmökkun á eðalvínnum
fyrir mat, á hlaðborðum
Perlunnar.

Veitingahúsið Perlan
Sími: 562 0200 · Fax: 562 0207
Netfang: perlan@perlan.is
Vefur: www.perlan.is



FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



JÓL Í BRUSSEL

Einn stærsti jólamarkaður í Evrópu er í Brussel. Hann verður opnaður 30. nóvember og er sagt að það sé upplifun að heimsækja hann, enda vörur frá flestum löndum Evrópu á boðstólum. Belgískt eðlsúkkulaði er fyrirferðarmikið, enda vinsæl jólagjöf. Að auki er mikið um handunna vöru.

Vandaðir þýskir herraskór úr leðri, skinnfóðraðir. Stórar stærðir.

Teg: 206202 23 Stærðir: 41 - 48

Verð: 16.975.-

Teg: 206201 23 Stærðir: 40 - 47

Verð: 16.985.-



Misty skor
Laugavegi 178

Sími 551 2070

Opið mán.-fös. 10-18.
Laugardag 10-14.

Vertu vinur

Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.mistyskor.is

TÆKIFÆRISGJAFIR

TILBOÐ



Hnífaparatóskur - 12 manna

14 tegundir

Verð frá kr. 24.990

Tékk
KRISTALL

Laugavegi 178 - Sími: 568 9955



White-Westinghouse - amerísk gæða heimilistæki

Þvottavél 12 kg Þurrkari



Taka 12 Kg - Hljóðlát
Stórt op > auðvelt að hlaða
Sparneytin amerísk tæki.

<Þvottvélin tekur
heitt og kalt vatn

Afkastamikill
þurrkari >



RAFVÖRUR
DALVEGI 16c - 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 - WWW.RAFVORUR.IS



ÆVINTÝRI Á AÐVENTU

FJALLAFERÐ Marrit Meintema flutti til Íslands frá Hollandi fyrir 24 árum. Það fyrsta sem hún gerði var að skrá sig í ferðafélag og hefur hún nú ferðast um allt land. Síðustu ár hefur hún farið í Bása á aðventunni.

Marrit Meintema sjúkraþjálfari hefur alltaf verið mikil úti-vistarmanneskja en var þó alls ókunnug fjallgöngum og hálendisferðum frá sínu fæðurlandi, Hollandi. Það fyrsta sem hún gerði þegar hún flutti til Íslands var að skrá sig í ferðafélagið Útivist, til að „kynnast landi og þjóð“ eins og hún orðar það.

„Ég þekkti aðra stelpu frá Hollandi sem flutti hingað til lands og hún ráðlagði mér að skrá mig í svona félags-skap. Þannig kynntist maður landinu og eignaðist vini. Ég hef síðan ferðast árum saman með félaginu og kynnst nánast öllum mínum vinum gegnum Útivist,“ segir Marrit. Undanfarin ár hefur hún haldið utan um árlega aðventuferð félagsins.

FRÁBÆRT Í BÁSUM

„Við förum alltaf fyrstu helgina í aðventu í fjölskylduferð í Bása. Ég fór mína fyrstu ferð árið 1988 og tók svo að mér fararstjórn ásamt Emilíu Magnúsdóttur árið 2004. Í gamla daga taldi hópurinn jafnvel 80 manns. Nú er hópurinn um 30 manns og á öllum aldri. Yngsti þátttakandinn sem komið hefur í ferðina var ekki orðinn eins árs og sá elsti um áttrætt. Oft koma sömu fjölskyldurnar aftur og aftur,“ segir Marrit en dagskrá ferðarinnar er fjölskyldumiðuð og mikið lagt upp úr að gleðja minnstu ferðalangana. Hópurinn leggur af stað með rútu á föstudagskvöldi og því orðið dimmt þegar komið er í skálann. Marrit segir það oft ævintýralegt að renna í hlaðið.



FER ÁRLEGA Í BÁSA

Marrit Meintema flutti til Íslands fyrir 24 árum og hefur síðan ferðast með Útivist um fjöll og firnindi. Hún heldur utan um aðventuferð í Bása á hverju ári.

MYND/VALLI

FRAMHALD Á SÍDU 2

VINNUVÉLANÁMSKEIÐ

Nýtt námskeið
hefst 23. nóvember



Öku- og vinnuvélaskólinn ehf.
Eco Driving

UPPLÝSINGAR OG INNRIÐUN Í SÍMA 588-1414



SAFT

RÆDDU UM ÞÁ
ÁHÆTTU SEM FYLGIR
ÞVÍ AÐ HITTA NETVIN

Heimill og skóli

www.saft.is

Við bjóðum
frábært verð

Umfelgun á fólksbíl 5490.- á smájeppa 6490.-

Til eldri borgara:

Umfelgun á fólksbíl 4990.- á smájeppa 5990.-



SUNNY TIRES

VDO
Borgardekk

Borgartún 36 | 105 Reykjavík | Sími: 588-9747 | Fax: 588-9722 | verslun@vdo.is

OLANG FYRIR DÖMUR OG HERRA Verð: 24.000,-

OC ICE GRIP SYSTEM

NÝ SENDING!
AF VINSÆLU KULDASKÓNUM MEÐ MANNBRODDUNUM

Parisar TÍZKAN **B/A/S/L/E/R**

Skipholti 29b • S. 551 0770

GÁSKI
Sjúkraþjálfun

Gáski sjúkraþjálfun hefur nú verið 4 ár í Mjóddinni og fagnar nýjum sjúkraþjálfara.

Bjartmar Birnir er kærkomin viðbót við hóp 20 sjúkraþjálfara sem vinna í Gáska í Mjódd og Bolholti.




Jólastemningin býr í Básum

Aðventuferð 30. nóv – 2. des
Áramótaferð 29. des – 1. jan

Bókun á skrifstofu í síma 562 1000 eða á www.utivist.is




KEMUR ÚT 27. NÓVEMBER

JÓLABLAÐ FRÉTTABLAÐSINS

Meðal efnis í blaðinu: Jólaljósín, kökur, sætindi, skraut, föndur, matur, borðhald, jólasíðir og venjur.

Bókið auglýsingar tímanlega:

Atli Bergmann atlib@365.is 512 5457	Elsa Jensdóttir elsaj@365.is 512 5427	Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is 512 5432
Benedikt Freyr Jónsson benni@365.is 512 5411	Jónína María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473	





FRAMHALD AF FORSÍÐU

„Þá hafa einhverjir farið á undan, hitað upp skálann og kveikt á kertum úti og blysum svo hópurinn fær ævintýrlegar móttökur. Við skemmtum okkur alla helgina við leiki. Stundum er farið í ratleik og stundum koma jólasveinar og stela frá okkur piparkökum, sem við þurfum þá að leita að. Krakkarnir leika sér úti á sleða og þotu eða eru inni að lita. Við drekkum heitt kakó og skreytum líka skálann hátt og lágt. Svo föndra allir saman og skreyta piparkökuhús.“

GRÝLA OG LEPPALÚÐI

Á laugardagskvöldið er kvöldvaka með skemmtatriðum og jólahlaðborði. Allir leggja eitthvað til og yfirleitt er þetta besta jólahlaðborðið sem ég fer á á aðventunni,“ segir Marrit. Þá segir hún Grýlu og Leppalúða eiga það til að kíkja við og síðustu ár hefur hópurinn komið

við í Kverkarhelli á heimleiðinni sem krakkarnir kunni vel að meta. „Þá er búið að kveikja þar á kertum og skilja eftir piparkökur, sem krökkunum finnst rosalega spennandi. Eins og jólasveinararnir hafi verið þar með veislu og séu nýfarnir. Nú vilja þau fara á „jólasveinapartístaðinn“ á hverju ári.“

ENGIN VANDRÆÐI

En hefur hópurinn aldrei komist í hann krappan á ferð um hávetur? „Við höfum aldrei lent í vandræðum. Það er ekki alltaf rennandi vatn í Básum á þessum tíma en þá notumst við bara við kamar. Stundum hefur rútuferðin til baka gengið hægt en þá hjálpast allir að við að ýta svo það er bara stemming í því líka. Þetta er auðvitað allt öðruvísi en ég þekki frá Hollandi og þar er ekki haldið upp á aðventuna með þessum hætti. En mér finnst þetta mjög skemmtilegt og er alveg komin inn í íslensku jólasíðina núna.“



SKREYTUM HÚS

Hópurinn hjálpast að við að skreyta skálann hátt og lágt, föndra og mála piparkökuhús. Allir leggja síðan eitthvað til á hlaðborðið um kvöldið og segir Marrit það yfirleitt besta jólahlaðborð ársins í hennar huga.

MYND/ÚTIVIST

Í AFSLAPPAÐ FRÍ TIL MEXÍKÓ

DRAUMASTAÐUR Ferðamenn frá Norðurlöndum fara í auknum mæli í vetrarfrí til Mexíkó, einkum hafa Svíar verið duglegir að ferðast þangað.

Margir fara á eigin vegum en sumar norrænar ferðaskrifstofur bjóða beint flug til Cancun sem er við Riviera Maya, strandlengju við Karibahafið. Á Riviera Maya eru nokkrir vinsælir strandbæir. Alþjóðlegur flugvöllur er í Cancun en þangað fóru margir Íslendingar í beinu flugi á árum áður. Staðurinn er fjölsóttur ferðamannastaður. Auðvelt er að fljúga frá New York til Cancun vilji menn fara á eigin vegum. Þá er hægt að taka aukadaga í stóra eplinu í leiðinni. Á Riviera Maya er sérlega góð strönd, frábær veitingahús, verslanir og barir, allt það sem afslappað ferðalag býður upp á. Margir góðir mexíkóskir staðir eru á strandlengjunni en einnig alþjóðlegir sem bjóða upp á dýrindis rétti. Sagt er að rómantíkin blómstri á þessum stað.

Mörg góð hótél eru á Riviera Maya og er einfalt að kaupa þau á netinu í gegnum bókunarkerfi. Oft er í boði að kaupa hótél með öllu inniföldu, mat og drykkjum, sem getur komið vel út. Margir verðflokkar eru í boði eftir því hversu miklar kröfur eru gerðar.

Það er víst ekkert leyndarmál að í Mexíkó er hægt að skemmta sér heilu næturnar óski maður þess. Áfengi er ódýrt og næturklúbbar margir. Þekkt-



asti næturklúbburinn á Riviera Maya er Coco Bongo í Cancun en þeir sem til þekkja segja að upplifunin sé einstök og verði tæpast með orðum lýst. Cancun er vinsæll partístaður hjá bandarískum stúdentum þegar þeir taka vorfríið sitt. Strandbarirnir lokka á kvöldin áður en næturlífíð hefst. Fyrir vandláta eru mörg lúxushótél við strandlengjuna og margir fara þangað í brúðkaupsferð. Á þessum tíma árs er hitinn frá 27-30°C.

CANCUN Mörg glæsileg hótél eru í Cancun og þangað fara margir til að njóta hins ljúfa lífs.

FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is**, s. 512 5473
Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is, s. 512 5432
Elsa Jensdóttir, elsaj@365.is, s. 512-5427 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

JÓLABAKSTUR

&HRÆRIVÉLAR

Kynningarblað Pitsur, smákökur, brownies, piparkökuhús og mælieiningar.



Jólalegar pitsur, snúðar og stjörnur

Marta María Friðþjófsdóttir stofnaði hóp á Facebook sem ætlaður er kvenfélagskonum og öllum sem áhuga hafa á þeirra störfum. Á síðunni er fjöldi uppskrifta að kökum, mat og föndri. Hér deilir Marta nokkrum gómsætum og jólalegum uppskriftum.

Marta María Friðþjófsdóttir gerðist bóndi fyrir tíu árum og býr í Litlu-Hlíð í Skagafirði ásamt fjölskyldu sinni. „Þegar ég ákvað að gerast bóndi ákvað ég í leiðinni að gerast kvenfélagskona,“ segir Marta en gamall æskudraumur rættist þegar hún flutti í sveitina. „Þegar fólk flytur langt upp í sveit er erfitt að kynna nýju fólki og besta leiðin til þess er að ganga í kvenfélagið.“

Marta hefur verið mjög virk kvenfélagskona og stofnaði fyrir á árinu hópsíðu á Facebook, Kvenfélagskonur, sem er ætluð öllum kvenfélagskonum eða þeim sem dá kvenfélagskonur og störf þeirra. „Hér áður fyrir skiptu kvenfélagskonur afskaplega miklu máli fyrir samfélagið. Þó störf þeirra hafi eitthvað breyst í gegnum tíðina leika þær enn mjög stórt hlutverk.“

Mörtnu finnst gaman að prófa eitthvað nýtt í eldhúsinu og er óhrædd við að breyta uppskriftum til og frá. „Mælingar eru ekkert heilagar hjá mér, ef ég á ekki eitthvað til eða geri eitthvað öðruvísi en venjulega þá verður útkoman einfaldlega önnur og jafnvel betri. Ég baka mikið úr gerdeigi því mér finnst það þægilegt og auðvelt og það er yfirleitt fjölskylda og gestir sem fá að njóta góðs af því,“ segir Marta.

Hún lærði að elda þegar hún var unglingur en gerði það á annan hátt en flestir. „Ég lærði að elda í gegnum talstöð. Pabbi var vörubílstjóri og þegar



Marta María Friðþjófsdóttir, bóndi og kvenfélagskona í Skagafirði, er dugleg við að baka fyrir fjölskyldu, gesti sína og kvenfélagið. MYND/ÚR EINKASAFNI

komið var að því að það þyrfti að elda kvöldmatinn kallaði hann einfaldlega skipanir til mín í gegnum talstöðina. „Settu kartöflurnar yfir“ eða „Nú þarf að sjóða bjúgun“. Þetta fannst mér ekkert óvenjulegt enda talstöðin alltaf til staðar í mínum uppveiti,“ segir hún og hlær.

STJÖRNU-SMÁKÖKUR

250 g hveiti
150 g smjör
100 g sykur
1 egg
1 tsk. lyftiduft
1 tsk. hjartarsalt
1/2-1 tsk. vanilludropar

Allt sett í skál og hnoðað vel saman.
Flatt út á plötu og skorið út með stjörnulaga formi.
Bakað við 180 gráður í 11 mínútur.

Ljóst krem:

Flórsykur, vatn og sítrónudropar.

Dökkt krem:

Kakó, flórsykur, vanilludropar og vatn.

Hrært vel saman, sett í kramarhús og sprautað yfir kökurnar.

PITSU- OG SNÚÐAÐEIG

3 dl volgt vatn + 1 msk. aukalega af vatni
1 msk. olía
7 dl hveiti (má vera heilheiti að hluta)
2 tsk. sykur
1 tsk. salt
2 tsk. perluger

Allt sett í skál og hnoðað, látið lyfta sér í sextíu mínútur, þá hnoðað aftur og flatt út.

Kanilsykri stráð yfir snúða, rúllað upp í lengju og að lokum skorið niður í sneiðar og raðað á plötu. Bakað við 180 gráður í 13-15 mínútur.



Hrært en ekki hrist



SIRMAN hrærivélin er atvinnutæki sem skilar deiginu vel hrærðu. Hún kemur í tveimur stærðum, 10l. og 20l. útgáfu. Semsagt alvörugræja!



FASTUS.E.06.11.12

Síðumúli 16 • 108 Reykjavík • sími 580 3900 • www.fastus.is • verslun opin mán - fös 8.30 - 17.00



Súkkulaðibjór-brownies

Þetta er ótrúlega spennandi uppskrift sem gaman væri að prófa. Súkkulaðibjór er eitthvað sem er fremur óvenjulegt en af hverju ekki að prófa?

350 ml súkkulaðibjór (Chocolate Stout beer)
1 bolli kakó
2 bollar sykur
½ bolli brætt smjör
2 tsk. vanilludropar
4 egg
2 bollar hveiti
¾ tsk. salt
½ bolli saxað hvítt súkkulaði
½ bolli saxað súkkulaði

Blandið bjór og kakói í stóra skál og hrærið vel saman. Bætið því næst sykri, smjöri, vanilludropum og eggjum, einu í einu, út í og hrærið vel saman.

Þá er hveitinu hrært saman við þar til blandan verður jöfn og fín. Loks er súkkulaðið sett í blönduna. Setjið deigið í formið og bakið í 45 mínútur eða þangað til kakan er þurr og falleg.

Látið kólna áður en kakan er tekin úr forminu og skorin niður. Þessi uppskrift á að gera 32 brownies.

Hitið ofninn í 180°C. Klæðið stórt bökunarform með álpappír.

Góð tvenna í
jólábaksturinn



Frábært
í allan
bakstur

MJÚKT KAFFISMJÖRKREM

75-100 grömm smjörlíki
eða smjör
4 desilítri flórsykur
2 matskeiðar kakó
1 eggjarauða
1/2 teskeið vanillu-
dropar
1 matskeið kaffi (má sleppa)



Allt hrært vel saman, þar til það verður létt. Gott er að mýkja smjörið áður en farið er að hræra. Athugið að það þarf að sigta kakó og flórsykur vel.

Uppskrift fengin af: www.vefuppskriftir.com

Útgefandi: 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000

Umsjónarmenn auglýsinga: Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is, s. 512-5432
Abyrgðarmaður: Jón Laufdal.

Ljómaleikurinn



Skilafrestur
til 18. des.

Transfitúsýru frítt

Safnaðu 5 strikamerkjum af Ljóma smjörlíki og þú gætir unnið Kitchen Aid hrærivél

Safnaðu 5 strikamerkjum af Ljómasmjörlíki og sendu okkur. Kjarnavörur, Miðhrauni 16 - 210 Garðabæ. Dregið verður úr innsendum umslögum þann 18. des. 2012.

Nánari upplýsingar
á www.ljomi.is

2. verðlaun 40.000.- Matarúttekt
3.- 20. verðlaun 8.000.- Matarúttekt

Kjarnavörur hf
Íslensk framleiðsla í 20 ár



Jólagóðgæti frá Jóa Fel

Jólabakstur að hætti Jóa Fel

- einstakt úrval af kökum fyrir aðventuna

Negulkökur, spesiur, vanillukransar, súkkulaðibitakökur, súkkulaði- og kókóskökur, Sörur, kransakonfekt, ensk jólakaka og prinsessukökur.



BAKARÍ

Holtagarðar & Smáralind & Kringlan & Garðabær & Hringbraut



HVER GERIR FLOTTASTA PIPARKÖKUHÚSIÐ?

Katla efnir til Piparkökuhúsaleiks sautjanda árið í röð.

Í gegnum árin hafa ótrúleg listaverk skilað sér inn í þennan leik og hafa þátttakendur ávallt lagt mikinn metnað í verk sín. Keppt er í tveimur flokkum; fullorðinsflokk og barna- og unglingsflokk. Húsunum á að skila í Ráðhús Reykjavíkur þann 10. desember á milli klukkan 17 og 20. Þar verða þau til sýnis í tengslum við jólatrájáskóginn fram til 21. desember en þá geta eigendur húsanna náð í þau og notið þeirra yfir hátíðarnar. Verðlaunaafhending fer fram í Ráðhúsinu 16. desember. Að þessu sinni er leikurinn haldinn í samvinnu við Ráðhús Reykjavíkur, ZO-ON, Flugfélag Íslands, Hótel KEA, Hótel Rangá og Þjóðleik-húsið og fá sigurvegararnir glæsilega vinninga frá áðurnefndum aðilum. Allar nánari upplýsingar um leikinn er að finna á Katla.is.

MÆLIEININGAR Í BAKSTRI

Mismunandi hugtök og mælieiningar í uppskriftum geta verið sem frumskógur að finna út úr þegar ýmist er mælt í bollum, desilítrum, pintum eða pelum. Á vef Mjólkursamsölnunnar er að finna hentuga töflu þar sem mismunandi mælieiningar eru útskýrðar.

1 l = 10 dl eða 4 bollar.

1 peli jafngildir 2,5 dl eða 1 bolla.

1 dl eru 6 - 7 msk.

1 msk. eru 3 tsk., 15 g eða 15 ml.

1 tsk. eru 5 g eða 5 ml.

1 kryddmál er 1/5 úr tsk. eða 1 g eða 1 ml.

Enskur bolli (cup) er 2 og 2/3 dl.

Amerískur bolli (cup) er 2,5 dl.

Ensk pint (hálfpottur) er 5,7 dl.

Amerísk pint (hálfpottur) er 4,7 dl.

Sjá www.ms.is

Ljúffengar piparkökur

Börn hafa gaman af því að baka piparkökur með fullorðnum. Baksturinn er fjölskyldugaman og ekki síst að mála kökurnar í jólalegum litum. Það sem þarf:

150 g smjör
1 dl ljóst síróp
2 dl sykur
1 dl rjómi
450 g hveiti
½ tsk. engiferduft

½ tsk. negull
½ tsk. pipar
2 tsk. kanill
1 tsk. lyftiduft

Setjið smjör, síróp og sykur í pott. Hitið upp þar til sykurinn er bráðnaður. Kælið blönduna. Setjið því næst rjómann saman við. Hrærið hveiti saman við hægt og ró-

lega ásamt kryddum og lyftidufti. Hrærið deigið vel þangað til það er jafnt og fínt. Geymið í ísskáp yfir nótt. Stráðið hveiti á borðið og fletjið út deigið þannig að það verði um 3 mm á þykkt. Skerið út fígúru og bakið við 175°C hita í um það bil 10 mínútur. Uppskriftn dugar í 25 kökur.



Piparkökur (fígúru, kökuhús)
150 g smjör
150 g púðursykur
1 1/2 dl síróp
engifer á hnífsoddi
3 tsk. kanill
1/2 tsk. negull
2 tsk. natron
1 egg
5-600 g hveiti

Setjið öll hráefni í pott nema egg og hveiti. Hrærið stöðugt í þar til sudan kemur upp. Dragið pottinn af hellunni. Blandið eggi og hveiti út í. Setjið deigið á borð, hnoðið og fletjið síðan út á bökunarplötu. Leggið sniðin ofan á og skerið út. Bakið við 200°C í u.þ.b. 10 mín. Takið af plötunni á meðan kökurnar eru volgar. Skreytið með glassúr. Límið húsið saman með bræddum sykeri. Þessi uppskrift er tilvalin í myndakökur.

Glassúr: Setjið 1 eggjahvítu í skál og sigtið flórsykur út í smátt og smátt. Hrærið vel þar til glassúrinn verður seigfjótandi og drýpur hægt af tannstongli.

ÁFRAM MEÐ SMJÖR ID!

Gledileg jóll!



Fjólubláar kýr í Háskólabíói í næstu viku

Markaðsgúrúinn Seth Godin er væntanlegur hingað til lands. Godin segir hefðbundið markaðsstarf ekki skila ásættanlegum árangri lengur og leggur áherslu á þátttöku markaðsfólks í því að skapa framúrskarandi vörur.

VIÐTAL

Magnús Þorlákur Lúðvíksson
magnusl@frettabladid.is

Einn frægasti markaðsmaður heims, Bandaríkjamadurinn Seth Godin, er væntanlegur til landsins. Godin mun halda fyrirlestur í Háskólabíói eftir átta daga á vegum Ímarks, félags íslensks markaðsfólks. Markaðurinn ræddi við Godin vegna komu hans til Íslands.

„Fyrirlesturinn ber yfirskriftina „Invisible or Remarkable?“. Í honum ætla ég að tala um margar þeirra hugmynda sem hafa verið mér hugleiknar. Mér hefur til dæmis sýnst að ýmsir haldi að fátt hafi breyst í heiminum á síðustu árum annað en að heimurinn hafi orðið örlítið hraðari,“ segir Godin og heldur áfram: „Í raun og veru er að eiga sér stað bylting sem er að ganga af hinni iðnvæddu veröld 20. aldar dauðri. En í hverju felst byltingin? Við þurfum að svara því áður en við getum áttað okkur á því hvernig ber að fóta sig í breyttum heimi.“

Godin segir að í hinni iðnvæddu veröld 20. aldar hafi bæði menn og fyrirtæki notið góðs af fylgispekt og undanlátssemi. Menn hafi reist verksmíðjur og búið til kerfi sem voru áreiðanleg en á sama tíma leiðinleg. Niðurstaðan hafi verið meðalgóðar vörur framleiddar fyrir venjulegt fólk.



SETH GODIN Bandaríski markaðsgúrúinn Seth Godin hefur gefið út fimmtán metsölubækur um markaðsmál en meðal þeirra þekktari eru Purple Cow, Unleashing the Ideavirus og The Dip. Þá er von á fjórum nýjum bókum frá honum.

„Skyndilega virkar þessi nálgun ekki lengur. Nú keppast menn við að búa til sem ódýrastar vörur sem verða fyrir vikið oft óspennandi. Því verður erfitt að kynna vörurnar einfaldlega vegna þess að fólk er hætt að nenna að hlusta á hjal um óspennandi vörur.

Nú til dags er því að eiga sér stað bylting þar sem frumlegar og framúrskarandi vörur og þjónusta, hlutir sem eru raunverulega verðmætir, skilja sig frá öðrum vörum.

Þannig vörur er auðvelt að kynna og þær skapa umtal sem hefðbundnari vörur gera ekki.

Þessi einfalda innsýn getur verið leiðarljós inn í það sem ég hef kallað tengslahagkerfið („The Connection Economy“) sem tekur við af gamla hagkerfinu og hvar verðmæti eru sköpuð á aðra vögu.“

Varan sem markaðsherferð

Godin hefur skrifað um hvernig hugmyndir berast manna á milli í


nútímasamfélagi. Í því samhengi hefur hann lagt áherslu á að framúrskarandi vörur njóti þess að vera spennandi með því að skapa umtal. Þess vegna sé mikilvægara en nokkru sinni að skapa raunverulega verðmætar vörur. En hvert er þá hlutverk markaðsfólks?

„Ég held að markaðsstarf sem byggir á því að ónáða fólk sé einfaldlega ekki hagkvæmt lengur. Það borgar sig ekki að velja bara einhvern hóp, senda honum alls

konar markaðsefni og vonast eftir tekjum,“ segir Godin og bætir við: „Framtíðin tilheyrir markaðsfólki sem getur í fyrsta lagi greint hvar spurn eftir markaðsefni er og er jafnframt meðvitað um hvað þarf til að svara þeirri eftirspurn. Til þess þarf markaðsfólk að átta sig á hvernig það getur ræktað tengsl við neytendur, það er sáð fræjum, vökvað og hlúð að neytendum. Þá þarf það að skilja að hlutverk markaðsmannsins er að eiga samstarf við markaðinn en ekki að sigra hann. Þetta snýst um að virkja hópinn sem þú vilt ná til en besta leiðin til þess getur jafnvel verið að halda sig til hlés og leyfa hópnum einfaldlega að spjalla.“

Godin segir vandann þann að markaðsfólk hefji sína vinnu yfirleitt þegar varan sem á að markaðssetja er fullkláruð. Hann telur hins vegar að markaðsfólk geti skapað verðmæti með því að koma fyrir að málum.

„Þetta er í raun hin einfalda hugmynd sem ég hef kallað fjólubláu kúna. Varan sjálf er markaðsherferðin. Með öðrum orðum er mikilvægt að vera með vöru sem er verð athygli, ástríðu og tengsla við fólk. Of oft er markaðsfólk einfaldlega að spinna í kringum meðalgóðar vörur sem eru markaðssettar fyrir venjulegt fólk. Ég held að við getum gert betur og skapað verðmæti fyrir í ferlinu,“ segir Godin.



Fermetraverð lækkaði um 10% frá 2008 til 2011

Fermetraverð á höfuðborgarsvæðinu lækkaði minnst í grónum hverfum í kjölfar hrunsins en miðborgin er undantekning.

HÚSNÆÐISMARKAÐUR
Magnús Þorlákur Lúðvíksson
magnusl@frettabladid.is

Fermetraverð húsnæðis á höfuðborgarsvæðinu lækkaði í öllum hverfum frá 2008 til 2011, í kjölfar bankahrunsins. Talsverður munur er þó á því hve mikið fermetraverðið lækkaði en verðlækkunin er á bilinu 2 til 16%. Þetta leiða í ljós talnagögn sem hagfræðideild Landsbankans birti í Hagsjá á síðustu viku.

Ari Skúlason, hagfræðingur hjá Landsbankanum, segir helstu niðurstöðu nýju gagnanna vera þá að gróin hverfi og hverfi nálægt miðborginni hafi staðið niðursveifluna best af sér.

„Það vekur þó einnig athygli í þessum gögnum minnkandi áhugi á miðborginni. Það var mikil stemning fyrir henni á uppgangstímanum og mikil áform til staðar um uppbyggingu enda hækkaði fermetraverð hvergi meira. Áhuginn virðist

hins vegar hafa dalað svolítið,“ segir Ari.

Ari segir þó vert að hafa í huga hver kaupendahópur íbúða í sérstökum hverfum er. Þannig sé áhugahópurinn um miðborgina mestmegnis ungt fólk að kaupa sína fyrstu íbúð. „Þessi hópur hefur ekki sama aðgang að lánnum og áður auk þess sem eiginfjárkröfur eru hærri þannig að það gæti verið ein skýring á minni áhuga á miðborginni,“ segir Ari.

Vilja að almenn aflétting gjaldeyrishafta hefjist 2015:

AGS varar við bráðlátri losun hafta

Framkvæmdastjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS) varar við því að gjaldeyrishöftin hér á landi verði losuð of snemma.

Þetta kemur fram í annarri skýrslu AGS um stöðu efnahagsmála hér á landi eftir að samstarfsáætlun stjórnvalda og stofnunarinnar lauk í ágúst 2011.

Í skýrslunni mælir AGS með því að almenn aflétting gjaldeyris-

hafta hefjist að þremur árum liðnum. Þess vegna beri að taka lokadagsetningu haftanna úr lögum en þau kveða nú á um höft til ársins 2013.

Þá telur stofnunin að stjórnvöld eigi að gera það alveg skýrt að eftir því sem aflandskrónueigendur bíða lengur með að losa krónur sínar, því óhagstæðara verði það.

- mpt

Parfasti þjónninn á skrifstofunni

SHARP MXM-160D **A6/A5/A4/A3** duplex

OFURTILBOÐ!

Ljósritunarvél með frumritamatara

Tilboðsverð: 149.900,-

Aukabúnaður: Netprentun/netskönnun

Tilboðsverð: 39.900,-

- Prentar og ljósritar stærðir A6, A5, A4 og A3
- Innbyggður snúningsbúnaður (duplex)
- Litaskönnun · 16 blöð á mínútu (A4)
- Netprentun/netskönnun (aukabúnaður)

ORMSSON LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800
www.ormsson.is



AUKASÝNING
VEGNA MIKILLAR
AÐSÓKNAR!

Góí og Góí Baunagrasið

Bráðskemmtileg og fyndin leikýning
fyrir alla fjölskylduna



Fréttatíminn



Morgunblaðið

SÍÐASTA SÝNING Sun 25/11 kl. 13:00

Miðasala | 5688000 | borgarleikhus.is



Borgarleikhúsið



Air Crash Investigation
Flugslys krufin til mergjar og orsökinn fundin

NATIONAL
GEOGRAPHIC
CHANNEL

NATIONAL GEOGRAPHIC CHANNEL ER Á STÖÐ 2 FJÖLVARP | FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT Á STOD2.IS



FJÖLGUN Tal tapaði 93 milljónum króna í fyrra en forstjóri félagsins segir viðsnúning hafa átt sér stað á fyrri hluta þessa árs. Viðskiptavinum hafi síðan fjölgað um fjögur þúsund á síðustu mánuðum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Uppgjör milli Tals og Vodafone fyrir dómstóla

Tal hefur tapað um milljarði á fjórum árum. Skuldir félagsins jukust um rúmar 160 milljónir króna í fyrra. Deila þess og Vodafone um uppgjör á reikningum mun verða leyst fyrir dómstólum. Tal hefur fært öll heildsöluviðskipti sín til Símans.

FJARSKIPTI

Þóroddur Snær Júlíusson | thordur@frettabladid.is

Uppgjör á reikningum vegna gagnaflutnings og innsláttar pantana sem Vodafone telur Tal hafa vangreitt er á leið fyrir dómstóla. Verði lyktir málsins Vodafone í vil mun það kosta Tal 119 milljónir króna auk vaxta. Þetta kemur fram í ársreikningi IP-fjarskipta, móðurfélags Tals, og skráningarlysingu Vodafone.

Tal tapaði 93 milljónum króna í fyrra og eigið fé félagsins var neikvætt um 169 milljónir króna um síðustu áramót. Tal hefur því tapað um milljarði króna á árunum 2008 til 2012. Skuldir þess jukust úr 638 milljónum króna í 803 milljónir króna á árinu 2011. Þar af gengst móðurfélag IP-fjarskipta í sjálfsskuldarábyrgð fyrir skammtímaláni upp á 50 milljónir króna. Eigendur IP-fjarskipta eru Auður fagfjáfestastjóður 1, sem á 95 prósent, og Kjartan Örn Ólafsson.

Í ársreikningnum kemur fram að töluverð óvissa sé um rekstrarhæfi Tals á þessu ári sem gæti „hugsanlega haft þær afleiðingar að félagið geti ekki selt eignir sínar og greitt skuldir við eðlileg rekstrarskilyrði.“

Deila um uppgjör

Auk þess stendur yfir deila á milli Tals og Vodafone um uppgjör krafna sem leystar verða fyrir dómstólum. Verði niðurstaðan Tali í óhag mun 119 milljóna króna skuldbinding lenda á félaginu til viðbótar við það sem þegar er tilgreint í ársreikningi.

Viktor Ólason, forstjóri Tals, segir stöðuna hafa batnað á fyrri hluta þessa árs. Hagnaður fyrir afskriftir, fjármagnskostnað og

TELJA ÚRSKURÐ PFS „ÚT ÚR KORTINU“

Í ársreikningi IP-fjarskipta, móðurfélags Tals, er sérstaklega fjallað um nýlegan úrskurð Póst- og fjarskiptastofnunar (PFS) um lúkningargjöld. Samkvæmt honum eru öll fjarskiptafyrirtæki landsins skikkuð til að lækka þau gjöld umtalsvert auk þess sem gjöldin verða samræmd um næstu áramót. Í tilsvörum Tals vegna ákvörðunar PFS segir að ákvörðunin um að lækka lúkningargjöldin sé „út úr kortinu og ljóst að félagið hefði hvorki fjárhagsné rekstrarlega burði til að halda starfsemi áfram á viðkomandi markaði við þessar aðstæður“. Viktor segir að þarna sé átt við að Tal geti ekki starfað einvörðungu á GSM-markaði við þessar aðstæður. „Þetta er ekki í samhengi við heildarviðskipti okkar.“

Í svari PFS við athugasemd Tals segir að „eftirlitsvald getur heimilað hærri lúkningarverð til fyrirtækja sem eru ný á markaði og eru að byggja upp eigið farsímakerfi [...] þar til lágmarks stærðarhagkvæmni er náð með 15-20% markaðshlutdeild, en þó ekki lengur en fjögur ár að hámarki frá innkomu á markað. Hins vegar er ekki unnt að liða hærri lúkningarverð sem byggjast á kostnaði óhagkvæmt rekens fjarskiptanets nema um skamma hríð, enda séu þau til lengri tíma skaðleg fyrir neytendur“.

skatta (EBITDA) hafi verið 104 milljónir króna en heildarniðurstaða rekstursins fæst ekki uppgöfin hjá honum.

Tal hefur verið í mikilli auglýsingaherferð á undanförunum mánuðum þar sem viðskiptavinum er boðið tíu gígabæta gagnamagn fyrir 500 krónur. Að sögn Viktors hafa um fjögur þúsund nýir viðskiptavinir gengið til liðs við félagið eftir að það hóf að bjóða umrætt tilboð. Aðspurður um aðfinnslur endurskoðanda félagsins í ársreikningi, um óvissu um rekstrarhæfi félagsins, segir Viktor þetta vera hefðbundna athugasemd, enda sé félagið með neikvætt eigið fé þannig.

Farnir til Símans

Tal, sem á ekki sitt eigið dreifikerfi og leigir því aðgang að kerfum annarra, tilkynnti í síðustu viku að félagið hefði fært öll heildsöluviðskipti yfir til Símans, en þau voru áður hjá Vodafone. Viktor segir að tilfærslan muni gera rekstur Tals öruggari. „Rekstrar-

umhverfi okkar hefur ekki verið nægilega öruggt í viðskiptum við Vodafone, sem hefur verið duglegt að senda okkur reikninga sem við teljum að ekki sé tilefni fyrir. Það er ágreiningsefni um það á milli félaganum. Með því að ná kunnafjöldanum aftur þá getum við vel við unað.“

Í ársreikningi Tals er fjallað sérstaklega um þessar deilur og segir að „verði lyktir málanna hins vegar aðrar og óhagstæðari en þær sem stjórnendur og lögmaður félagsins telja líklegar [...] er hugsanleg skuldbinding vegna þess um 119 millj. kr. án vaxta“.

Í skráningarlysingu Vodafone, sem birt var á mánudag, kemur fram að um sé að ræða reikninga sem félagið gaf út á hendur Tali vegna kaupna Tals á gagnaflutningi umfram tiltekinn mörk og vegna innsláttar pantana. Þar segir einnig að Vodafone og Tal hafi undirritað samkomulag þess efnis að Tal hætti alfarið í viðskiptavinum við Vodafone þann 13. desember 2012.

Lítið til hjá Milestone:

Kröfuhafar fá eitt prósent

Samþykktir kröfuhafar Milestone ehf. munu fá eitt prósent upp í kröfur sínar samkvæmt tillögu skiptastjóra þrotabús félagsins. Þetta kemur fram í tilkynningu í Lögbirtingablaðinu. Tillagan verður borin undir kröfuhafa á skiptafundi sem haldinn verður á Hótel

Nordica 3. desember.

Alls námu lýstar kröfur í búið um 95 milljörðum króna og samþykktar kröfur námu um 78 milljörðum króna.

Milestone, sem var að mestu í eigu systkinanna Karls, Steingríms og Ingunnar Wernersbarna, var úrskurðað gjaldþrota árið 2009. Þrotabúið höfðaði alls tíu riftunarmál vegna gerninga sem það taldi hafa valdið búinu skaða. Þrotabú Glitnis er langstærsti einstaki kröfuhafi Milestone með um 44 milljarða króna kröfu. Á meðal annarra sem eiga kröfur eru Kaupþing, Straumur, Íslandsbanki og að minnsta kosti fimm lífeyrissjóðir.

- þsj

Uppgjör Landsbankans:

Hagnaðist um 1,7 milljarða

Landsbankinn hagnaðist um tæplega 1,7 milljarða króna á þriðja ársfjórðungi ársins. Bankinn birti uppgjör sitt fyrir fjórðunginn á fimmtudag. Uppsafnaður hagnaður fyrstu níu mánuði ársins er þar með 13,5 milljarðar en til samanburðar var hagnaður 27,0 milljarðar á sama tímabili í fyrra.

Steinþór Pálsson, bankastjóri Landsbankans, segir afkomu bankans einkennast af neikvæðri þróun á virðisbreytingum útlána en að öðru leyti sé rekstur bankans á áætlun.

Á fyrstu níu mánuðum ársins voru hreinar vaxtatekjur bankans 26,4 milljarðar en voru 24,6 á sama tímabili í fyrra. Hreinar þjónustutekjur voru hins vegar 3,1 milljarðar og minnkuðu um 7% milli ára. Rekstrarkostnaður var 17,8 milljarðar og jókst um 15% milli ára.

Þá færði bankinn útlán niður um ríflega sjö milljarða sem er meðal annars tilkomið vegna gjaldfærslu í tengslum við yfirtökuna á SpKef og vegna endurútreikninga gengisbyggðra lána.

Heildareignir bankans í lok september voru 1.057 milljarðar og var eiginfjárhlutfall (CAD) hans 24,1%. Þá er lausafjárhlutfall 46%. Því er nokkurt svigrúm til arðgreiðslna sem gætu hafist á næsta ári.

Ríkissjóður á ríflega 81% hlut í Landsbankanum en Landsskil, dótturfélag gamla Landsbankans, á tæplega 19%.

- mpi

Stefna brátt á útgáfu

Landsbankinn hefur sótt um heimild frá Fjármálaeftirlitinu til þess að gefa út sértryggt óverðtryggt skuldabréf. Býst bankinn við því að fá slíkt leyfi öðruhvora megin við áramót og er þá fát þvi til fyrirstöðu að leggja út útgáfu. Er útgáfan hugsuð til að fjármagna óverðtryggt húsnæðislán bankans en óverðtryggt húsnæðislán viðskiptabankanna hafa notið mikilla vinsælda síðustu misseri. Gæti útgáfan numið nokkrum milljörðum króna.

Ný skýrsla Póst- og fjarskiptastofnunar sýnir að 3G hefur tekið fram úr 2G í fyrsta sinn:

Yfir 100 milljón sms send á sex mánuðum

Íslendingar sendu 102 milljónir sms-skilaboða á fyrri hluta þessa árs. Það er tæplega tólf prósentum meira en á fyrri hluta síðasta árs. Viðskiptavinir Nova sendu langflest sms-skeytin, eða 63 milljónir. Það þýðir að markaðshlutdeild Nova á sms-markaði er 61,3 prósent. Þetta kemur fram í nýbirtri tölfræðiskýrslu Póst- og fjarskiptastofnunar um fjarskiptamarkaðinn. Skilaboðasendingum Nova hefur fjölgað samhliða mikilli aukningu viðskiptavina fyrirtækisins.

Viðskiptavinir Nova senda líka flest mms-skilaboð, eða myndskilaboð, en hlutdeild fyrirtækisins hefur dregist mjög saman á undanförunum árum. Nova var með 53 prósent markaðshlutdeild um mitt ár 2010 en er nú með 40 prósent.

Síminn hefur nánast fimmfaldað þann fjölda mms-skilaboða sem viðskiptavinir fyrirtækisins senda frá miðju ári 2010 og hefur í leiðinni hækkað markaðshlutdeild sína úr 11 prósentum í 26 prósent.

Þá vekur athygli að í fyrsta sinn eru fleiri farsímanotendur með 3G-kort en 2G. Um mitt ár í fyrra voru 209 þúsund 2G-kort en 168 þúsund 3G-kort. Nú hefur 2G-kortunum fækkað niður í 183 þúsund en 3G-kortunum fjölgað í 210 þúsund.

Samhliða hefur gagnamagn á farsímaneti aukist mikið. Það hefur farið úr því að vera 236 milljónir megabæta um mitt ár 2010 í 590 milljónir megabæta á fyrri hluta þessa árs.

- þsj



SNJALLSÍMAR Notkun Íslendinga á 3G hefur stórukist.



Við tökum ekki óþarfa áhættu í viðskiptum

Ákvarðanir okkar eru byggðar á traustum upplýsingum



Við notum þjónustuvef Creditinfo til að nálgast ýmsar fjárhags- og viðskiptaupplýsingar. Þjónustan er aðgengileg, sparar tíma og eykur öryggi í rekstri Virðingar.

Brynjólfur Þór Gylfason - Fjármálastjóri Virðingar



Virðing hf. er löggilt verðbréfafyrirtæki sem leggur áherslu á að þjónusta fag- og stofnanafjárfa.



NÁNARI UPPLÝSINGAR Á WWW.CREDITINFO.IS



Hin hliðin
INGIBJÖRG GRÉTA GÍSLADÓTTIR

Tækifæri í Asíu

Ég hef verið að velta fyrir mér tækifærum íslenskrar hönnunar í Asíu. Hvernig hægt sé að átta sig á bestu mögulegum leiðum inn á þann markað. Framleiðandi minn í Kína hefur fengið ófár fyrirspurnir frá mér en aðeins hoppað hæð sína yfir einum íslenskum hönnuði á mínum vegum og viljað dreifa honum áfram.

Danir hafa verið að ná árangri í Kína en þeir hafa tekið útflutning til Asíu föstum tókum. Þeir skipta til að mynda kínverska markaðinum upp í nokkur svið og leita að tækifærum fyrir dönsk fyrirtæki innan þeirra. Eitt þessara sviða er um tísku, hönnun og verslun, annað er um arkitektúr og það þriðja um heilbrigðisþjónustu svo dæmi séu tekin.

Danir fókusa á Kína

Í nýjasta hefti Eksportfokus, sem utanríkisráðuneyti Danmerkur gefur út, er fókussinn settur á kínverska markaðinn. Þar kemur fram að þótt hægt hafi á vextinum í Kína þá hafa möguleikar danskra fyrirtækja aldrei verið meiri en einmitt nú (og þá íslenskra að sama skapi). Þar er einnig vakin athygli á því að Kínverjar ætli að byggja um 50 flugvelli á næstunni, þá muni vanta um 3,5 milljónir vistunarplássu fyrir eldri borgara og að þar sé það stöðutákn að ganga í flottri hönnun.

Möguleikar hönnuða í Kína

Til að auka möguleika danskra hönnuða í Kína hafa Danir sett á laggirnar verkefnið Hannað fyrir Asíu, sem fókuserar á hvernig hönnuðir geti aðlagð hönnun sína að hinum kínverska neytanda. Sem eigandi fyrirtækis innan íslenska hönnunargeirans finnst mér sérlega áhugavert hvernig staðið hefur verið að þeim málaflokki með ráðum, upplýsingum og aðgerðum sem stuðla að því að auðvelda markaðssetningu danskrar hönnunar í Kína. Hönnuðir hafa m.a. verið fræddir um líti og form sem tákna annað en við eigum að venjast, eins og það að Kínverjar taka rauðan lit fram yfir þann græna því sá græni þykir ekki falla vel að húðlit þeirra og rúnnuð form fram yfir ferköntuð því þau þykja minna á tunglið sem þykir jákvætt.

Ég er á leið til Kína og Malasíu í tengslum við ráðstefnuna Global Summit of Women í Kúala Lúmpúr í júní á næsta ári. Ég fer með góðum hópi kvenna úr FKA (Félagi kvenna í atvinnulífínu) og hefur sendiherra Íslands í Peking nú þegar nálgast kínverskar viðskiptakonur með það að markmiði að tengja okkur inn í kínverskt viðskiptalíf. Vetrinum verður því varið í að fræðast um kínverska og malasíska markaðinn og tækifærin þar.



JÓLAKÍLÓ-NEI TAKK!

Hið geysivinsæla 4-vikna námskeið fyrir þær sem vilja fyrirbyggja hin árlegu „jólakíló“. Á þessu námskeiði kemurðu þér í flott form fyrir jólin og lærir að njóta þess að borða góðan mat án þess að sitja uppi með aukakíló og vanlíðan.

- Þjálfun og mataræði tekið í gegn
- Sérstakt mataræði, sykurlöngun minnkar og þú losnar við aukakílóin
- Sérhannað brennsluæfingakerfi sem hámarkar fitubruna
- Mælingar, vigtun, fitu- og ummálmælingar - fyrir og eftir
- Fræðsla, fróðleikur og uppskriftir 3x í viku frá Ágústu Johnson
- Lokaðir tímar 3x í viku
- Ótakmarkaður aðgangur að opnum tímum og tækjasal
- Aðgangur að glæsilegri útiaðstöðu - jarðsjávarpotti og gufuböðum
- Kvöldstund í Blue Lagoon spa
- Þær sem ná bestum árangri fá flotta jólagjöf

ATH! Allir námskeiðspátttakendur fá 15% afslátt af snyrti- og spameðferðum í Blue Lagoon spa

Allar nánari upplýsingar á www.hreyfing.is

HREYFING
HEILSULIND

BLUE LAGOON
ICELAND
geothermal spa

Álfheimar 74
Sími: 414 4000
hreyfing@hreyfing.is
www.hreyfing.is

ÞRÁÐLAUS PRENTUN ÚR FARSÍMA EÐA SPJALDTÖLVU



Frelsaðu þig frá snúrunum og veldu þráðlausan litaprentara frá Samsung – CLP-325WSEE!

Frábær kostur fyrir lítil fyrirtæki og heimili. Afar einfaldur í uppsetningu með hágæða litaprentun. Flott hönnun, prentarinn passar auðveldlega nánast hvar sem er.

Tilboðsverð kr. 36.900,-



FJÖLNOTAPRENTARINN SCX-3405FW er einfaldur í notkun og hagkvæmur í rekstri.

Prentar, skannar, ljósritar og fax 20 bls./min í 1200x1200dpi upplausn. ECO PRINT hnappur sparar tóner, pappír og orku

Verð 39.900 kr



Samsung ML-2160 er einstaklega þægilegur laser prentari, lítill og nettur.

Hentar sérlega vel fyrir skólafólk og litlar skrifstofur. Prentar 20 bls./min í 1200x1200dpi upplausn. Fyrsta blaðsiða út eftir aðeins 8,5 sek. Styður við Windows, Mac og Linux. Tengjanlegur með USB.

Tilboðsverð kr. 15.900,-

SAMSUNG SETRIÐ

HÁGÆÐA VINNUDÝR
Á
UNDRAGÓÐU
VERÐI!



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

JÓNAS ÞÓRÐARSON
framreiðslumaður,
Öldugranda 1, Reykjavík,

andaðist mánudaginn 12. nóvember.
Jarðsungið verður frá Bústaðarkirkju
föstudaginn 23. nóvember kl. 11.00. Blóm
og kransar afþakkaðir, þeim sem vilja minnst hins látna er
vinsamlega bent á Blindrafélagið s. 525-0000.



Sanný Jónasdóttir
Guðrún Jónasdóttir
Ingibjörg Jónasdóttir
Vignir Jón Jónasson
barnabörn og barnabarnabörn.

Darrel F. Schneider
Kristján S. Birgisson



Pökkum innilega auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför elskelegs föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

FINNS KRISTJÁNSSONAR
Skerðingsstöðum, Reykhólasveit,

sem andaðist mánudaginn 15. október
sl. og var jarðsettur frá Reykhólakirkju
laugardaginn 27. október 2012.



Jón Árni Sigurðsson
Kristján Finnsson
Karlotta Jóna Finnisdóttir
Agnis Finnisdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Steinunn Rasmus
Margrét Ásdís Bjarnadóttir
Ásgeir Þór Árnason
Pálmi Jónsson



Ástkær systir okkar, mágkona og frænka,

SIGRÚN BALDURSDÓTTIR
frá Grýtubakka,

síðast til heimilis í Geislatúni 1 á Akureyri,
lést á Sjúkrahúsi Akureyrar laugardaginn
17. nóvember 2012. Sigrún verður jarð-
sungin frá Akureyrarkirkju þriðjudaginn
27. nóvember 2012 klukkan 13.30.



Aðalbjörg, Sigríður, Margrét, Jónas, Bryndís, Ari og Guðmundur Baldursbörn og fjölskyldur þeirra.



Okkar ástkæri faðir, bróðir, frændi og vinur,

JÓHANNES ÁGÚSTSSON
Sléttahrauni 24, Hafnarfirði,

sem lést á Landspítalanum fimmtudaginn
15. nóvember, verður jarðsungið frá Ytri-
Njarðvíkurkirkju föstudaginn 23. nóvember
kl. 14.00.



Jórunn Jóhannesdóttir
Hrólfur Brynjar Ágústsson og fjölskylda
Guðrún Ágústsdóttir og fjölskylda
Maria Ohlson



Elsku móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

HILDUR ÞÓRLINDSDÓTTIR
(HULLA Í BAKKAGERÐI)
Álftamýri 32, Reykjavík,

lést á hjúkrunarheimilinu Droplaugarstöðum
föstudaginn 16. nóvember sl. Útförin fer
fram frá Áskirkju, þriðjudaginn 27. nóvember
kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir, en þeim sem
vilja minnst hennar láti Rauða krossinn njóta þess.



Fyrir hönd aðstandenda,
Halldór Sigdórsson
Ævar Sigdórsson
Rúnar Arnarson
Ísar Guðni Arnarson
börn, tengdabörn og barnabörn.

Marta Katrín Sigurðardóttir
Una Lilja Eiríksdóttir
Eygló Sigurjónsdóttir
Ingunn Jónsdóttir

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Suðurlífið 35, Reykjavík • Símar 581 3300 & 896 8242 • www.utfarin.is

Alúð - virðing - traust
Áratuga reynsla

Vaktsími:
581 3300 & 896 8242
www.utfarin.is
Allan sólarhringinn

Sverrir Einarsson **Kristín Ingólfssdóttir**

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is Símar: 565 5892 & 896 8242



FYRSTA SKÁLDSAGAN FYRIR FULLORÐNA Ljós móðirin er fyrsta skáldsaga Eyrúnar sem hefur meðal annars samið sagnfræðirit og barnabók. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Eina konan sem hefur verið rekin úr kvenfélagi

Eyrún Ingadóttir rakst á Þórdísi Símonardóttur Ljós móður við ritun BA-ritgerðar árið 1992. Tuttugu árum síðar lauk hún skáldsögu um konu sem átti óvenjulegt lífshlaup og barðist fyrir réttindum sínum fram á elliár. Hún var alþýðuhetja, segir höfundurinn.

Skírði dóttur sína eftir ljós móðurinni

Pegar Eyrún rakst fyrst á Þórdísi í skjólum var hún barnshafandi. Hún varð svo heilluð af Þórdísi að hún gaf frumburðinum nafn hennar og heitir því dóttir Eyrúnar Þórdís. „Ég hef verið með hana á heilanum síðan þá og talað um hana við hina og þessa, meðal annars ljós móðurina sem sinnti mér á Sjúkrahúsi Suðurlands fyrir 20 árum. Það var því mjög ánægjulegt fyrir mig þegar hún mætti í upplestur í Sunnlenska bókaaffið á Selfossi á dögunum – nú á hún áritað eintak.“

barnabókina Ríkeyju ráðagóðu, ævisögu Eyjólfssonar, bókina Sagna- maðurinn Örn Clausen segir sögur af samferðafólki og var meðritstjóri bók- arinnar Konur með einn í útvíkkun fá enga samúð. Hún hefur einnig skrifað greinar, meðal annars um Þórdísi ljós- móður í Árnesingi 2006.

Eyrún hefur nýtt sér aragrúa heim- ilda við ritun Ljós móðurinnar. „Ég leit- aði víða fanga, til að mynda notaðist ég við mannlysingar Jóns Pálssonar banka- gjaldkera sem hann ritaði um fólk á Eyr- arbakka um aldamótin 1900. Ég skoðaði fundargerðarbækur ýmiss konar, las mér til um hjóðhætti í spurningalistum sem til eru frá fólk á Eyrarbakka, og svo ræddi ég við fólk sem mundi eftir Þórdísi, til dæmis Pétur Pétursson þul.“

Barðist við fátækt

Lífshlaup Þórdísar var óvenjulegt. Hún gerðist ljós móðir ung og sinnti því starfi alla ævi á Eyrarbakka auk þess að taka þátt í félagsstörfum á borð við bind-

indishreyfinguna. „Þórdís var alþýðu- kona sem þurfti alla tíð að sinna öðrum störfum meðfram ljós móðurstarfinu til þess að hafa í sig og á. Hún hafði sterkar skoðanir og meðal annars var hún rekin úr kvenfélaginu á Eyrarbakka vegna mótmæla við styrkveitingu félagsins til byggingar sjúkrahúss á Litla-Hrauni sem síðar varð fangelsi. Ég hugsa að hún sé eina konan á Íslandi sem hefur verið rekin úr kvenfélagi! Eftir langa starfs- ævi þurfti hún svo að berjast fyrir því að fá mannsæmandi eftirlaun, því hún var svo fátæk að hún hefði annars þurft að segja sig til sveitar. Í raun er hún alþýðu- hetja sem ætti að eiga sinn sess í sögu- bókum en er þess í stað ein af þessum tyndu konum í Íslandssögunni.“

Eyrún segir það ánægjulegt en skrítið að sumu leyti að hafa lokið verkinu um Þórdísi. Hún játar að það sé stressandi að taka þátt í skáldsögu- og sagnfræðiritum. „Maður er auðvitað svolítið að leggja sjálfan sig á borðið, ætli þetta sé ekki eins og að taka þátt í prófkjöri.“ sigidur@frettabladid.is



Elskuleg eiginkona, móðir, tengdamóðir og amma,

ÞÓRA JÓHANNA HÓLM
Álfheimum 42, Reykjavík,

sem lést á Landspítalanum við Hringbraut
mánudaginn 12. nóvember sl.,
verður jarðsungið frá Langholtskirkju
föstudaginn 23. nóvember kl. 13.00.
Blóm eru vinsamlegast afþakkuð, en þeim sem vilja
minnst hennar er bent á líknarfélög.



Magnús Gunnar Pálsson
Karl Óskar Magnússon
Þóra Margrét Karlsdóttir
Guðný Bjarnarsdóttir
Magnús Gunnar Karlsson



Elskuleg eiginkona mín, tengdadóttir, systir, mágkona og frænka,

DRÖFN LÁRUSDÓTTIR
Dalhúsum 73, Reykjavík,

sem lést á líknardeild Landspítala
Kópavogi þriðjudaginn 6. nóvember,
verður jarðsungið frá Grafarvogskirkju
miðvikudaginn 21. nóvember kl. 13.00. Blóm og kransar
vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnst hennar er
bent á Ljósíð eða önnur líknarfélög.



Fyrir hönd fjölskyldunnar,
Ásmundur Einarsson

Tilboðin gilda **20. - 25.** nóvember

KALKÚNN
FRANSKUR



ÞAKKARGJÖRÐAR KALKÚNNINN
FÆST Í NETTÓ

38% AFSLÁTTUR



985

ÁÐUR **1.589** KR/KG

netto
Kræsingar & kostakjör

www.netto.is | Mjódd · Salavegur · Hverafold
Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær
Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss

KROSSGÁTA

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT

2. sæti, 6. rún, 8. handfang, 9. veiðarfæri, 11. leyfist, 12. kvenvargur, 14. fita, 16. pot, 17. skammstöfun, 18. ódagot, 20. núna, 21. þjappaði.

LÓÐRÉTT

1. áfengisblanda, 3. skammstöfun, 4. samtíningur, 5. skjön, 7. starfræksla, 10. hald, 13. síðan, 15. stærðfræðitákn, 16. margsinnis, 19. eldsneyti.

LAUSN

LÁRÉTT: 2. sess, 6. úr, 8. hak, 9. net, 11. má, 12. skass, 14. skvæp, 16. of, 17. of, 18. fúm, 20. nú, 21. tröð.
LÓÐRÉTT: 1. plúns, 3. eh, 4. samsafn, 5. ská, 7. rekskur, 10. tak, 13. svo, 15. plús, 16. oft, 19. mð.



Reykjavíkurborg
Umverfis- og skipulagssvið

Auglýsing um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavík

Í samræmi við 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, eru hér með auglýstar tillögur að breytingum á deiliskipulagi í Reykjavík.

Hljómalindarreitur, 1.171.1

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi reits 1.171.1, sem afmarkast af Hverfisgötu, Klapparstíg, Laugavegi og Smiðjustíg. Í breytingunni felst uppbygging á svokölluðum Hljómalindarreit. Gert er ráð fyrir fjögurra til fimm hæða byggingum umhverfis reitinn og almenningstorgi í honum miðjum. Starfsemi á reitnum er í stórum dráttum verslun og þjónusta á jarðhæðum húsa sem snúa að götum og torgi og atvinnustarfsemi og íbúðir á efri hæðum. Tillagan gerir einnig ráð fyrir aukinni áherslu á varðveislu eldri húsa og að viðhalda minningum um hús sem hverfa.

Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Brynjureitur, 1.172.0

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi reits 1.172.0, sem afmarkast af Laugavegi, Klapparstíg Hverfisgötu og Vatnsstíg. Í breytingunni felst uppbygging á svokölluðum Brynjureit og er deiliskipulagi breytt á hluta reitsins sem tekur yfir Hverfisgötu 40-44, Klapparstíg 31 og Laugaveg 23, 27A og 27B. Tillagan gerir ráð fyrir að á reitnum risi íbúða- og atvinnuhúsnæði. Að Hverfisgötu 40, 42 og 44 og á baklóðum er gert ráð fyrir nýbyggingum. Gegnum reitinn frá Hverfisgötu að Laugavegi og Klapparstíg verður göngugata og miðað við að meðfram henni á jarðhæð verði verslunar- atvinnu- og þjónustuhúsnæði. Gert er ráð fyrir að göngugötunni verði lokað á næturnar sem verður þá einkasvæði þeirra sem þar munu búa. Timburhúsið að Laugavegi 23 verður varðveitt og gert upp.

Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögurnar liggja frammi í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að Borgartúni 12-14, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15, frá 21. nóvember 2012 til og með 4. janúar 2013. Einnig má sjá tillögurnar á heimasíðu sviðsins, www.skipbygg.is. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. **Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega eða á netfangið skipulag@reykjavik.is, til umhverfis- og skipulagssviðs, skipulagsfulltrúa, eigi síðar en 4. janúar 2013. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.**

Reykjavík 21. nóvember 2012
Skipulagsstjóri Reykjavíkur

Í dag er kölski kátur

BAKPANKAR
Svavars
Hávarðssonar

Bandaríski hádfuglinn Jay Leno stendur fyrir troðnum sal. Árið er 2009 en er þó ekki nema tíu daga gamalt. Einn brandarinn fjallar um ísraelskan hjartaþega. Hann fékk gjafahjarta úr Palestínumanni. Hann náði heilsu en fannst skömmu síðar látinn í íbúð sinni. Dauðameinið var að hann hafði barið sjálfan sig ítrekað í höfuðið með grjóti. Leno og gestir hans engjast um af hlátri. Leno slær sér á lær. Kvöldskemmtunin fjallar sem sagt um stríð sem er í alglymngi; stríð Ísraels og Palestínumanna á Gasa.

HITT er staðreynd að kvöldið sem þátturinn var sendur út til hins vestræna heims stóðu tveir norskir lækningar, þeir Mads Gilbert og Erik Fosse, aukavaktir á gluggalausu Shifa-sjúkrahúsinu í Gasaborg. Skjólstæðingar þeirra voru palestínsk börn og foreldrar þeirra; fórnarlömb eins best búa hers í heimi. Læknarnir tveir höfðu nefnilega ekki aðeins það hlutverk að líkna heldur voru textaskeyti þeirra ein af fáum leiðum heimsbyggðarinnar til að fá nákvæmar upplýsingar um stríðið þessa örlagaríku daga.

ÍSRAELAR hófu landhernað sinn gegn Palestínumönnum 3. janúar 2009. Nú er þessu sama hóttað. Heimurinn stendur á öndinni og spyr sig hvað þetta komi til með að þýða. Svörin er kannski að finna í eftirfarandi skilaboðum sem náðu eyrum fólks daginn sem skriðdrekarinn fóru síðast af stað. „Frá Mads Gilbert lækni á Gasa: Takk fyrir stuðninginn. Þeir sprengdu matvörumarkað í Gasaborg fyrir tveimur klukkutímum. 80 særðir, 20 drepnir. Allir komu á Shifa. Hades! [holdgervingur dauðans í grískri goðafræði]. Við vöðum dauða, blóð og aflímuð lík. Mörg börn. Ólétt kona. Ég hef aldrei séð annan eins hrylling. Við heyrum í skriðdrekkum. Segið frá, látið þetta berast, æpið. Hvað sem er. GERIÐ EITTHVAÐ! GERIÐ MEIRA! Við erum öll hluti af sögunni, öllsömul!“


Þarf að segja eitthvað meira?



ÉG MAN hvað ég var forviða þegar horfði á þáttinn. Ótal spurningar komu óumflýjanlega upp í hugann. Hvernig kemur svona skeytingarleysi til? Eru menn ekki betur upplýstir en svo að þeim þyki það viðeigandi að gera stríð að umfjöllunarefni með þessum hætti? Er það þarlendur fjölmiðlum að kenna, sem sýna gjarnan reyk liðast frá sprengdum byggingum en ekki blóðug andlit fólksins sem sprengjurnar drápu? Ég hef ekki svörin og efast reyndar um að það endurspegli viðhorf almennings í Bandaríkjunum til þessara átaka þó einstaka bjánar geri að gamni sínu opinberlega.

MYNDASÖGUR

PONDUS



Eftir Frode Øverli

GELGJAN



Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

HANDAN VIÐ HORNIÐ



Eftir Tony Lopes

BARNALÁN



Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

FRÁBÆR VERÐ
Á FLOTTUM MERKJUM

TILBOÐSDAGAR

TILBOÐ

TILBOÐ

TILBOÐ

TILBOÐ

TILBOÐS

30% AUKAAFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM

Puma æfingabolur

Verð: 6.990 kr.
Outlet-verð: 4.990 kr.

Tilboðsverð:
3.495 kr.

Didriksons barnaúlpa

Verð: 17.990 kr.
Outlet-verð: 13.490 kr.

Tilboðsverð:
9.445 kr.

Puma herranærbuxur

Verð: 3.990 kr.
Outlet-verð: 1.990 kr.

Tilboðsverð:
1.395 kr.

Puma gervigrasskór

Barnastærðir
Verð: 6.990 kr.
Outlet-verð: 4.990 kr.

Tilboðsverð:
3.495 kr.

Puma fótboltasokkar

Verð: 1.990 kr.
Outlet-verð: 1.490 kr.

Tilboðsverð:
1.045 kr.

Speedo Kickboard

Verð: 3.990 kr.
Outlet-verð: 1.690 kr.

Tilboðsverð:
1.185 kr.

Puma Veris hlaupaskór

Kvennastærðir
Verð: 24.990 kr.
Outlet-verð: 17.990 kr.

Tilboðsverð:
12.595 kr.

Puma hettupeysa

Barnastærðir
Verð: 10.990 kr.
Outlet-verð: 7.490 kr.

Tilboðsverð:
5.245 kr.

Puma kvartbuxur

Stelpustærðir
Verð: 6.990 kr.
Outlet-verð: 4.490 kr.

Tilboðsverð:
3.145 kr.

Catmandoo vetrarskór

Verð: 13.990 kr.
Outlet-verð: 9.990 kr.

Tilboðsverð:
6.995 kr.

Speedo sundskýla

Strákastærðir
Verð: 4.990 kr.
Outlet-verð: 2.990 kr.

Tilboðsverð:
2.095 kr.

Puma æfinga- hlýrabolir

Verð: 10.490 kr.
Outlet-verð: 6.990 kr.


Tilboðsverð:
4.895 kr.

AÐEINS Í NOKKRA DAGA!

SPORT OUTLET

Vínlandsleið 6
113 Reykjavík

Opið:
Virka daga kl. 11-18
Laugardaga kl. 11-16
Sunnudaga kl. 13-17



HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

MIÐVIKUDAGUR
21. NÓVEMBER 2012

Fyrirlestrar

12.00 Dr. Andrew Cottey talar um áhrif evrukrisunnar í víðu samhengi í fundarsal Þjóðminjasafns Íslands. Fundarstjóri er Alþjóðamálastofnunar HÍ. Fundurinn fer fram á ensku.

20.00 Gunnar Hersveinn og Vilborg Davíðsdóttir eru gestir kvöldsins á Heimspekikaffi í Gerðubergi. Viðfangs-efnið er viðhorfið til tíma og frelsis.

Upplstur

20.00 Bókakonfekt Forlagsins verður haldið í þriðja sinn á Café Rosenberg. Höfundar Forlagsins lesa úr nýút-komnum bókum sínum en aðgangur er ókeypis.

Tónlist

20.00 Friðrik Ómar kemur fram ásamt hljómsveit í menningarhúsinu Hofi á Akureyri. Hann flytur lög af nýút-komni plötu sinni, Outside the Ring.

Heilaskaði vegna ofbeldis!

Félagið Hugarfar býður til sýningar á fræðslumyndinni Heilaskaði vegna ofbeldis, fimmtudagskvöldið 22. nóv. kl. 20.00, í sal SÍBS, 2. hæð, Síðumúla 6.



www.hugarfar.is | hugarfar@hugarfar.is | sími 661-5522

Bókakonfekt á
CAFÉ ROSENBERG
HÖFUNDAR FORLAGSINS KYNNA
BÆKUR SÍNAR MIÐVIKUDAGINN
21. NÓVEMBER KL. 20



**FYRSTU HUNDRAD GESTIRNIR
FÁ FRÍAN DRYKK
ÓKEYPIS AÐGANGUR**



Tannlæknir



Tannlæknastöðin ehf.

Hef hafið störf á Tannlæknastöðinni, Grensásvegi 13, 108 Reykjavík.
Tek að mér allar almennar tannlækningar
Persónuleg og vönduð þjónusta

Hlakka til að sjá þig
Helga Helgadóttir, tannlæknir

Tímamantanir í síma 581-4151

helga.tanni@gmail.com
www.facebook.com/tannlaeknastodin

Sígræna jólatréð

-eðaltré ár eftir ár!



Skátahreyingin hefur um árabíl selt sígræn eðaltré í hæsta gæðaflokki og þrýða þau þúsundir heimila og fyrirtækja.

Frábærir eiginleikar:

10 ára ábyrgð
12 stærðir (90-500 cm)
Stálfótur fylgir
Ekkert barr að ryksuga
Veldur ekki ofnæmi
Eldtraust
Þarf ekki að vökva
Íslenskar leiðbeiningar

Sígrænu jólatréni eru seld í Skátamiðstöðinni Hraunbæ 123 í Reykjavík, s: 550 9800 og á skátavefnum: www.skatar.is



RITSTJÓRAR MEÐGÖNGULJÓÐA Valgerður Þóroddsdóttir, Sveinbjörg Bjarnadóttir og Kári Tulinius.

Meðgönguljóð fæðast

Meðgönguljóð er nýr flokkur bóka úr fórum Frú Stellu. Þar gefst skáldum vettvangur til þess að prófa sig áfram í ljóðagerð og útgáfu. Bækurnar eru handgerðar og hver bók er listaverk en hver bók á að kosta álíka mikið og kaffibolli.

„Okkur langaði að gera ljóð aðgengilegt“, segir Sveinbjörg Bjarnadóttir bókaútgefandi. Hún er eigandi útgáfunnar Frú Stellu, sem sérhæfir sig í fagurbókmenntum.

„Við fundum fyrir hræðslu meðal fólks við ljóðalestur. Það þótti okkur leiðinlegt svo við ákváðum að gera eitthvað í málunum.“ Meðgönguljóð eru stuttar ljóðabækur sem eru framleiddar án styrkja. Kostnaði er haldið í lágmarki og miðað við að bækurnar kosti ekki meira en kaffibolli á kaffihúsi.

Tvíþætt tækifæri

Markhópur ljóðabóka er ekki stór á Íslandi. Sveinbjörg segir því ákveðna áhættu felast í útgáfu þeirra sem forlöginn vilji síður taka. „Við ákváðum því að hefja þessa tilraunastarfsemi og gefa höfundum möguleika á að koma efni sínu á framfæri og almenningsi tækifæri til að nálgast efnið á góðu verði.“

Nafnið á seríunni vísar í tilgang hennar, sem er að veita

ljóðskáldum rými til þreifinga á óþekktum slóðum.

Kostnaðinum er haldið í lágmarki með mikilli vinnu útgefenda, því hver einasta bók er handunnin.

„Við prentum þetta sjálf, röðum saman og saumum bækurnar í saumavél“, segir Sveinbjörg. Upplagið er af þessum sökum ekki stórt, aðeins um 150 eintök. „Hvert eintak er sérmerkt. Við reynum að hafa gripinn dálítið sérstakan þótt hann sé ódýr.“

Fyrsta bókin í flokknum kom út í lok maí á þessu ári. Höfundar hennar, Valgerður Þóroddsdóttir og Kári Tulinius, standa bak við útgáfuna, ásamt Sveinbjörgu. „Viðtökurnar voru mjög góðar, ég held að upplagið sé næstum búið, það eru örfá eintök eftir“, segir Sveinbjörg en bækurnar eru til sölu í öllum bókabúðum í miðbænum og einnig hjá Kaffifélaginu. „Við viljum endilega fara með þær á fleiri kaffihús. Hugmyndin er nefnilega sú að bækurnar kosti aldrei meira en kaffibolli. Kaffihúsagestir geta því fengið sér kaffi og ljóð með því!“

Von á fleiri afkvæmum

Næsta ljóðabók kemur út næsta föstudag, þann 23. nóvember. „Við verðum með útgáfuhólf í Máli og menningu klukkan 17 og svo annað í Kunstschlager klukkan 19.“ Ástæða þess er að höfundurinn, Ásta Fanney Sigurðardóttir, er myndlistarkona og sýnir teikningarnar úr bókinni á síðarnefnda staðnum. „Hún gerði teikningar við öll ljóðin í bókinni“, segir Sveinbjörg og bætir við: „Kannski er réttara að segja að hún hafi gert ljóðin við teikningarnar. Ég veit það ekki, því fyrir henni er þetta ein heild.“

Sveinbjörg segir að nú þegar bíði margir höfundar útgáfu. Í röðinni eru reynsluboltar en einnig óþekkt skáld sem aldrei hafa gefið út áður.

„Meðgönguljóðin hafa fengið mjög góðar viðtökur hjá skáldum og meira að segja þeim sem aldrei hafa gefið neitt út áður“, segir Sveinbjörg sem vonast til að framtíðin styrki ljóðamenningu landans.

halla@frettabladid.is

Ópera um Ragnheiði biskupsdóttur

Friðrik Erlingsson og Gunnar Þórðarson stefna á frumsýningu í Skálholti í sumar.

„Við Gunnar erum að leggja lokahönd á verkið og stefnum á að frumflytja það í Skálholtskirkju næsta sumar“, segir Friðrik Erlingsson rithöfundur, en hann hefur undanfarin ár ásamt Gunnari Þórðarsyni tónlistarmanni unnið að gerð óperu sem fjallar um sögu Ragnheiðar biskupsdóttur, forboðið ástarsamband hennar við Daða Halldórsson og deilur hennar við föður sinn, Brynjólf biskup Sveinsson.

Friðrik og Gunnar hafa unnið að verkinu undanfarin þrjú til fjögur ár en slógu í klárinn árið 2010 þegar þeir hlutu styrk frá Menningarráði Suðurlands.

„Verkið verður flutt í konsertformi“, segir Friðrik, „en þótt verkið sjálft sé svo gott sem búið er enn nokkuð í land. Þetta er gífurlega stórt og umfangsmikið verkefni og nú er eftir allur undirbúningur og umstang sem lýtur að því að koma verkinu á svið.“

Friðrik segir nokkurn veginn búið að skipa í hlutverk, að minnsta kosti séu þeir Gunnar búinir að fá vilyrði frá söngvurum sem hann vill þó bíða með að gefa upp hverjir eru þar til það sé fast í hendi. „En það er óhætt að segja að þetta eru með bestu og þekktustu söngvurum landsins.“

Órlagasögu Ragnheiðar biskupsdóttur kannast flestir við, til dæmis í gegnum leikrit Guðmundar Kambans, Skálholt. Að mati Friðriks er óperuformið einkar hentugt við að gera sögunni skil.

„Ragnheiður var uppi á sautjándu öld, á sama tíma og óperan var að verða til og mótað. Þetta er sígild saga sem inniheldur mikla dramatik, tilfinningar og átök. Verkið er samið með það í huga að koma þessari ástarsögu á framfæri í nýju formi.“



GUNNAR OG FRÍÐRIK Vilja sýna óperuna um Ragnheiði biskupsdóttur í Hörpu með öllu tilheyrandi þegar fram líða stundir.

Endanlegt markmið þeirra Friðriks og Gunnars er að setja óperuna upp í Hörpu, með öllu tilheyrandi.

„En það er meira en að segja það og dýrt að tjalda öllu til“, segir Friðrik. „Til þess þurfa sjálfsagt góðir menn sem eiga peninga að láta í sér heyra.“



ÞJÓÐFRÆÐIBÍÓ Þjóðfræðinemarnir Björk Hólm Þorsteinsdóttir og Ólafur Ingibergsson standa fyrir kvikmyndasýningum í Bíói Paradís. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Þjóðfræði í kvikmynd

Fjórir þættir, byggðir á rannsóknum í þjóðfræði, verða frumsýndir í Bíói Paradís annað kvöld.

Þjóðfræðinemarnir Björk Hólm Þorsteinsdóttir og Ólafur Ingibergsson hafa síðastliðin þrjú sumur unnið að heimildarþáttaröðinni Þjóðfræði í mynd, með styrk frá Nýsköpunarsjóði námsmanna og Háskóla Íslands. Fjórir þættir sem litu dagsins ljós síðastliðið sumar verða frumsýndir annað kvöld, 22. nóvember, kl. 20 í Bíói Paradís. Auk þess verður formlega opnuð ný heimasíða verkefnisins, þar sem finna má alla þættina sem framleiddir hafa verið undanfarnin ár.

Hver þáttur er fimmtán til tuttugu mínútna langur og er byggður á niðurstöðum nýlegra BA- eða MA-rannsókna þjóðfræðinema. Þau Björk og Ólafur segja þættina gefa almenningi innsýn í rannsóknir háskólasamfélagsins en meginmarkmið verkefnisins sé þó að framleiða fræðsluefni sem nýta má sem innslög í kennslu með-

fram hefðbundnu kennsluefni í framhaldsskólum. Þau segjast enn fremur með þessu framtaki feta ótroðnar slóðir við framleiðslu á fræðsluefni fyrir framhaldsskóla á Íslandi.

„Þættirnir eru einnig verðug kynning fyrir fræðimennina sem að baki hverri ritgerð standa og vekja verðskuldaða athygli á metnaðarfullum rannsóknum þeirra sem oft og tíðum fá litla athygli utan háskólasamfélagsins,“ segir Ólafur.

Þáttaröðin hefur vakið talsverða athygli undanfarin ár eins og sýnir sig í því að þættirnir sem áður hafa verið birtir hafa samtals verið skoðuð nærri 8.000 sinnum á netinu hingað til.

Frum-sýningin er öllum opin og aðgangur ókeypis, svo lengi sem húsrúm leyfir. Að sýningunni lokinni munu Björk og Ólafur svara spurningum úr sal.

- fsb

Veisluborð lífsins

BÆKUR ★★★★★

Brot af staðreynd

Jónas Þorbjarnarson


JPV-ÚTGÁFA

Þau eru margvísleg umfjöllunar-efnin í þessari bók sem skáldið Jónas Þorbjarnarson gekk frá til prentunar skömmu fyrir andlát sitt í fyrra. Ljúfsárar minningar frá unglingsárum, svipmyndir af ferðalögum, yfirvofandi ótti barns við móðurmissi, ánægjan að taka sjö ára utan af sínum fyrsta fót-boltabúningi, leiðbeiningar um það hvernig hægt er að sigrast á kuldanum með því að stunda sjó-sund, minningar um ástir/kynlíf sem hugsanlega hefur borið ávöxt, bernskubrek í nálægðinni við dauðann – já, allt þetta sem maður upplifir um ævina, hvort sem hún er löng eða stutt; sumt jafn hversdagslegt og samtal við mömmu, annað ævintýralegt, eins og að synda með hákörnum í Gvatemala.

Brot af staðreynd er nýnda ljóða-bók Jónasar Þorbjarnarsonar, en meðal fyrri bóka hans eru Á bersvæði (1994), Vasadískó (1999) og Hliðargötur (2001). Líkt og Ástráður Eysteinnsson segir í einkar greinar-góðum eftirmála sem ber yfirskriftina Að finna rök fyrir fæðingunni, þá er á bókinni minninga- og játn-ingabragur. Einkunnarorðin sem Jónas valdi bókinni eru eftir Nóbels-skáldið Derek Walcott og mjög vel viðeigandi:

*Take down the loveletters from the bookshelf,
the photographs, the desperate notes,
peel your own image from the mirror.
Sit. Feast on your life.*

Það má með sanni segja að Jónas hafi sest að „veisluborði eigin lífs“ (eins og Ástráður Íslenskar þau orð úr texta Walcotts), þar sem hann fer í þessari bók fram og aftur um ævi sína og safnar minningum. Mörg ljóðanna bera með sér að skáldið hafi verið meðvitað um að endalokin nálguðust, en engu að síður er húmor eitt af megineinkennum



þeirra. Þetta ber vitni þroskaðri afstöðu til lífs og dauða og þess sér víða stað í ljóðunum. Lífshvötin – lífbíðið – er oft til umfjöllunar og sagt af ýmsum fortíðarkærustum, ástarævintýrum og einnar nætur skemmtunum, en þar á kómíkin sér fastan samastað, eins og í ljóðinu Næturvinna, þegar ljóðmælandi hefur hitt á háskólaballi „slíka ofurbombu að í taxanum með henni á eftir / hlakkaði ég, held ég megi fullyrða, / meira til aðvífandi stundar / en nokkru sinni fyrr og síðar um dagana,“ en gleymir sér í því að gera við vask heima hjá henni og funinn á milli þeirra lifir það ekki af.

Ljóðin eru 23 og skiptast í þrjú kafla. Ljóðmælandi er eilítið óstýri-látur og orð eins og „en ekki hvað?“ „og hana nú“, „það er nú það“ og „allavega“ ljá ljóðunum kæruleys-íslegt yfirbragð.

Líkingar eru hófstílltar en margar fagrar og ljóðstíllinn laus við tilgerð, hversdagslegur og hvergi upphafinn.

Þórunn Hrefna Sigurjónsdóttir

NIÐURSTAÐA: Húmorískar æviminn-ingar Jónasar Þorbjarnarsonar vekja til umhugsunar um lífshvötina og dauðann. Margt bæði vel unnið og skemmtilegt.

STÓRSVEIT REYKJAVÍKUR

ÁSAMT GÓÐUM GESTUM

FLUTT Í
ELDBORG
VEGNA MIKILLAR
AÐSÓKNAR

Jóla Swing



DIDDÚ · HELGI BJÖRNS
GÁTTAÞEFUR · KRISTJANA STEFÁNS
STJÓRNANDI: SAMÚEL J. SAMÚELSSON

Stórsveitin heldur sína fyrstu jólatónleika í Hörpu og af því tilefni er dagskráin sérlega glæsileg. Allir gestasöngvarar fyrri jólatónleika sveitarinnar koma í heimsókn og halda uppi sjóðandi jólasveiflu. Skemmtilegir og öðruvísi jólatónleikar fyrir allar kynslóðir.

2. DESEMBER KL. 16:00

ELDBORG HÖRPU

MIÐAVERÐ: KR. 3000 FULLORÐNIR · KR. 2000 BÖRN

FORSALA MIÐA: HARPA.IS · MIÐASALA HÖRPU · MIDI.IS

Tónlistarsjóður

Styrkt af
Reykjavíkurborg

RÁS 2

mid.is LAUGARÁS BIÓ www.laugarasbio.is 5%
 Miðasala og nánari upplýsingar -bara lúxus sími 553 2075

FRÁBÆR GAMANMYND

LAUGARÁSBÍÓ	Sýningartímar
THE TWILIGHT SAGA PART 2	5.30, 8, 10.25
SKYFALL	7, 10
PITCH PERFECT	8, 10.15
WRECK-IT RALPH 3D	5.40

SAMBÍÓIN **SAMBIO.IS**

LOKAMYNDIN Í EINNI STÆRSTU KVIKMYNDASERÍU ALLRA TÍMA

STÓRKOSTLEG MYND FYRIR ALLA FJÓLSKYLDUNA

Í 2D OG 3D MED ISLENSKU TALI
 Í 2D MED ENSKU TALI/ISL. TEXTA

ÁLFABAKKA	EGILSHÖLL
TWILIGHT: BREAKING DAWN - PART 2 KL. 5:30 - 8 - 10:30 TWILIGHT: BREAKING DAWN - PART 2 VIP KL. 5:30 - 8 - 10:30 WRECK IT RALPH M/Is, Tau 3D KL. 5:50 WRECK IT RALPH M/Is, Tau KL. 5:50 WRECK IT RALPH ENGU, Tau KL. 8 - 10:10 ARGO KL. 5:40 - 8 - 10:30 HOPE SPRINGS KL. 5:50 - 8 HOUSE AT END OF STREET KL. 8:10 - 10:30 END OF WATCH KL. 10:10	TWILIGHT: BREAKING DAWN - PART 2 KL. 5:30 - 8 - 9 - 10:30 ARGO KL. 8 - 10:30 CLOUD ATLAS KL. 5:50 - 8 WRECK-IT RALPH ISL. 3D KL. 5:30 KRINGLUNNI NÚMÉRUD SÆTI TWILIGHT: BREAKING DAWN - PART 2 KL. 5:30 - 8 - 11 NÚMÉRUD SÆTI SKYFALL KL. 6 - 8 - 9 - 10:30 WRECK IT RALPH ISL. 3D KL. 5:50
AKUREYRI	KEFLAVÍK
TWILIGHT: BREAKING DAWN - PART 2 KL. 8 ARGO KL. 10:20 WRECK-IT RALPH ISL. 3D KL. 6 BRAVE HIN HUGRAKKA ISL. TAL KL. 6 HOPE SPRINGS KL. 8 END OF WATCH KL. 10:20	TWILIGHT: BREAKING DAWN 2 KL. 8 - 10:30 HOPE SPRINGS KL. 8 END OF WATCH KL. 10:10

TRYGGÐU PÉR MIÐA Á **SAMBIO.IS**

SMÁRÁBÍÓ GLERAUGU SELD SÉR 5% **HÁSKÓLABÍÓ** NÁNAR Á MIÐLIS 5%

SNABBA CASH 2	KL. 5.45 - 8 - 10.30	16	SNABBA CASH 2	KL. 8 - 10.15	16
CLOUD ATLAS	KL. 5.30 - 9	16	CLOUD ATLAS	KL. 5.30 - 9	16
PITCH PERFECT	KL. 5.30 - 8	12	SKYFALL	KL. 6 - 9	12
HOTEL TRANSYLVANIA ISL. TEXTI KL. 3.30	7		DJÚPIÐ	KL. 5.50	10
SKYFALL	KL. 5 - 8 - 10.15	12	THE DEEP ENSKUR TEXTI KL. 5.50	10	
SKYFALL LÚXUS	KL. 5 - 8	12	BORGARBIÓ NÁNAR Á MIÐLIS		
TEDDI LANDKÖNNUÐUR KL. 3.30	L		SNABBA CASH 2	KL. 6 - 8	16
FUGLABORGIN 3D ISL. TAL KL. 3.30	7		CLOUD ATLAS	KL. 10	16
			PITCH PERFECT	KL. 8	12
			SKYFALL	KL. 5.20 - 10.10	12

facebook /smarabio • facebook /haskolabio



HJÓNIN Pink mætti ásamt eiginmanni sínum Carey Hart.



MÆÐGIN Justin Bieber mætti ásamt móður sinni Pattie Malette.

Skrautlegur rauður dregill

Gleðin var við völd á rauða dreglinum í Los Angeles í vikunni þegar American Music Awards-verðlaunin voru veitt. Justin Bieber, Taylor Swift og Nicki Minaj voru meðal vinningshafa. Klæðaburður stjarnanna var skrautlegur og skemmtilegur þar sem rauðir gaddaskór Biebers vöktu mikla athygli tískuspekinganna.

GULUR Leikkonan Kerry Washington klæddist fallegum gulum blúndukjól.

SÆT Leikkonan Ginnifer Goodwin í ljósbleikum kjól.



ÁBERANDI Rapparinn Nicki Minaj fór ekki fram hjá neinum.

GULL Taylor Swift mætti í stuttum gulllituðum kjól.

Vinningshafar

Tónlistarmaður ársins: Justin Bieber
 Nýliði ársins: Carly Rae Jepsen
 Upphaldstónlistarmaður: Justin Bieber
 Upphaldstónlistarkona: Katy Perry
 Hjómsveit ársins: Maroon 5

Plata ársins: Believe - Justin Bieber
 Kántrí tónlistarmaður: Luke Bryan
 Kántrí tónlistarkona: Taylor Swift
 Rappari ársins: Nicki Minaj
 Rapplata ársins: Pink Friday: Roman Reloaded - Nicki Minaj

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMÍÐSTÖÐVAR ÍSLANDS ■ Miðasala: 412 7711 ■ Hverfisgata 54 Rvík ■ www.bioparadis.is ■ Hluti af Europa Cinemas

BÍÓ PARADÍS

11 NÝJAR VERÐLAUNAMYNDIR LÚX VERÐLAUN EVRÓPUÞINGSINS ÁTAK GEGN KVIBUNDNU OFBELDÍ PÁGNARÞRÍLEIKUR THEO ANGELOPOULOS **MÍÐAVERÐ: 500 KR.**

REYKJAVÍK EURÓPEAN FILM FESTIVAL 16. - 25. NOVEMBER 2012

AFRAM SÝNDAR: SEARCHING FOR SUGAR MAN **BÍÓ: DOX HÁTÍÐ!** 9.-15. NOVEMBER WOODY ALLEN: A DOCUMENTARY JIRO DREAMS OF SUSHI

DRAUMURINN UM VEGINN 5. hluti **Að heiman heim**

MIÐVIKUDAGUR: REFF: BETRA LÍF (L) 17:50 ■ REFF: TABU (L) 20:00 ■ REFF: ALPAR (L) 22:15 ■ SEARCHING FOR SUGAR MAN (L) 22:15 ■ SHADOW DANGER 18:00, 22:00 ■ WOODY ALLEN: A DOCUMENTARY (L) 20:00 ■ JIRO DREAMS OF SUSHI (L) 18:00 ■ DRAUMURINN UM VEGINN 5. HLUTI (L) 20:00 ■ DJÚPIÐ (L) (ENG. SUBS.) 20:00 ■ BERBERIAN SOUND STUDIO (16) 22:00 ■ KÓNGAGLENNA (EN KONGELIG AFFERE) (14) 17:30

BÍÓ PARADÍS KLÚBBURINN: bioparadis.is/klubburinn

SKÓLANEMAR: 25% AFSLÁTTUR GEGN FRAMVÍSUN SKIRTEINIS! SAMI AFSLÁTTUR FYRIR ÖRYRKJA OG ELÐRI BORGARA.

☎ 577 7000

Ro Pizzeria
RIZZO

DAGANA 21.-27. NÓVEMBER ERU

ELDBÖKUDAGAR Á **RIZZO PIZZA**

BÆJARLIND • HRAUNBÆ • GRENSÁSVEGI • MOSFELLSBÆ

**ALLAR SÓTTAR
PIZZUR AF
MATSEÐLI Á**

1.380 kr.*

*Gildir ekki af lúxusmatsæðli

WWW.RIZZO.IS

Hefur hvergi byrjað betur

Eiður Smári Guðjohnsen hefur skorað fimm mörk í fyrstu sjö deildarleikjum sínum með belgíska félaginu Cercle Brugge. Þetta er tólfta félagið hans á ferlinum og langbesta byrjunin.

FÓTBOLTI Eiður Smári Guðjohnsen hefur farið á kostum í fyrstu leikjum sínum með Cercle Brugge í belgísku úrvalsdeildinni í knattspyrnu og skoraði um helgina sitt fimmta deildarmark í hinum græna búningi Cercle.

Eiður Smári skoraði í fyrstu fjórum leikjum sínum með félaginu og fimmta markið kom í hans sjöunda leik. Eiður Smári kom Cercle þá í 2-1 í 3-1 sigri á Genk en Genk er í hópi efstu liðanna. Markið hans um helgina kom eftir fráberan sprett Eiðs upp völinn og þríhyrningaspil við samherja.

Gamla metið tvö mörk í fyrstu sjö

Eiður Smári er orðinn 34 ára gamall en hann hefur ekki byrjað betur hjá neinu af þeim ellefu félögum sem hann hefur spilað áður með á ferlinum. Eiður hafði mest áður skorað tvö mörk í fyrstu sjö deildarleikjum sínum en því náði hann með Val 1994, með Bolton í ensku b-deildinni 1998 og hjá Barcelona 2006.

Eiður Smári er þegar búinn að jafna met sitt eftir fyrstu tíu leikina en

hann skoraði fimm mörk í fyrstu tíu leikjum með Barcelona 2006. Eiður Smári hefur þrjá leiki til þess að bæta við það en hann skoraði fjögur mörk í fyrstu tíu deildarleikjum með Val og Bolton.

Mögnuð byrjun hjá Barcelona

Byrjun Eiðs Smára með Barcelona var einnig mögnuð hvað það varðar að hann lagði upp, auk markanna fimm, fjögur mörk fyrstu mánuði sína í búningi Barca og Börsungar unnu alla leikina nema einn. Fimmta markið hans það tímabil kom í lok nóvember en var jafnframt síðasta deildarmarkið sem hann skoraði á tímabilinu 2006-07.

Eiður Smári hefur nú fundið skotskóna sína aftur sem má kannski segja að hafi verið týndir í fimm ár. Eiður Smári hefur skorað jafnmörg mörk fyrstu sex vikur sínar með Cercle og hann gerði til samans undanfarin fjögur tímabil með Barcelona, Mónakó, Tottenham, Stoke, Fulham og AEK Aþenu (5 mörk í 68 leikjum).

Bestu markatímabilin hjá Eiði Smára voru með Bolton í ensku b-deildinni 1999-2000 og með Chelsea í ensku úrvalsdeildinni 2001-02 en bæði þessi tímabil skoraði hann 14 mörk. Hann á að baki fimm tímabil með tíu mörk eða fleiri (fjögur með Chelsea) en það er líklegt að þau verði orðin sex haldi okkar maður uppteknum hætti í Belgíu.

Fylgist Lars ekki með?

Lars Lagerbäck, landsliðsþjálfari Íslands, fylgist líka örugglega vel með Eiði Smára sem hefur lýst yfir áhuga á að spila áfram með íslenska landsliðinu og reyna að bæta við markamet sitt sem stendur nú í 24 mörkum.

Cercle Brugge er í fallsæti í belgísku deildinni en liðið hefur náð í fjögur stig út úr tveimur síðustu leikjum sínum. Næstu fjórir leikir liðsins eru á móti liðum í efri hluta deildarinnar og það er því ljóst að liðið þarf á snilldar-töktum Eiðs Smára að halda í þeim leikjum.

ooj@frettabladid.is



→ Mörk Eiðs Smára Guðjohnsen í fyrstu sjö deildarleikjum hjá hverju liði

Lið	1994	1995	1998	1998	2000	2006	2009	2010	2010	2011	2011	2012
Mörk	2	2	6	2	2	5	5	4	4	4	5	5
Lék	Lék 6 leiki							Lék 4 leiki				

75. ára afmælisráðstefna Sjómannaðagsráðs

Hótel Natura Reykjavík, 22. nóvember 2012



Til móts við framtíðina

Gerum enn betur í málefnum aldraðra!

- 13.00 **Hvers vegna fór Sjómannaðagsráð þessa leið í búsetumálum fyrir eldri borgara?**
Guðmundur Hallvarðsson, stjórnarformaður Sjómannaðagsráðs
- 13.25 **Ávarp.** Hr. Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands
- 13.40 **Að finna sig heima, búseta eldra fólks.**
Guðfinna Björnsdóttir, verkefnastjóri íbúðaþjónustu Hrafnistu
- 14.00 **Að vera aðstandandi á hjúkrunarheimili.** Páll Bergþórsson, f.v. veðurstofustjóri
- 14:20 **Hressing**
- 14.45 **Tónlistaratriði.** Ragnar Bjarnason, tónlistarmaður
- 15:00 **Að hugsa út fyrir rammann, ný nálgun í starfi hjúkrunarheimila.**
Hrönn Ljótisdóttir, forstöðumaður Hrafnistu í Kópavogi
- 15:20 **Aðskilnaðarstefnan gagnvart öldruðum er tímaskekkja.**
Styrmir Gunnarsson, lögfræðingur
- 15.40 **Pallborðsumræður**

Ráðstefnustjóri: María Sigrún Hilmarsdóttir, fréttamaður



Ráðstefnan er öllum opin - aðgangur ókeypis



HÖFUÐVERKUR Roberto Mancini þarf að stöðva Cristiano Ronaldo.

Síðasti séns fyrir Man. City

FÓTBOLTI Englandsmeistarar Manchester City þurfa nauðsynlega á sigri að halda gegn Real Madrid í kvöld til að eiga einhvern möguleika á að komast áfram í 16 liða úrslit keppinnar. Liðin mætast á Etihad-vellinum klukkan 19.45 í kvöld.

Roberto Mancini, stjóri City, segir að það verði lyklatríði að stöðva stórstjörnu Madridinga – Cristiano Ronaldo. „Leikmaður sem skorar eitt eða tvö mörk í hverjum leik er ótrúlegur leikmaður. Þess vegna beini ég athygli minni að honum. Fótboltinn er engu að síður þannig að það er alltaf mögulegt að vinna hvaða lið sem er með því að spila vel.“ - esá

Ólafur á leið til Flensburg

HANDBOLTI Ólafur Gústafsson hefur líklega spilað sinn síðasta leik fyrir FH í bili þar sem hann er á leið til þýska stórlíðsins Flensburg. Einar Andri Einarsson, þjálfari FH, staðfesti þetta við Fréttablaðið skömmu áður en blaðið fór í prentun í gær.

Ólafur er ætlað að fylla í skarð Arnórs Atlasonar sem sleit hásin í leik með Flensburg um helgina. Fyrir voru tveir leikmenn félagsins í sömu stöðu meiddir og því enginn réttthent skytta leikfær.

„Þetta er auðvitað frábært tækifæri fyrir Ólaf og og ekki hægt að standa í vegi fyrir þessu,“ sagði Einar Andri.

ÚRSLIT

MEISTARAEILD EVRÓPU

E-RÍÐILL	Þ
NORDSJÆLLAND	2
SHAKHTAR DONETSK	5
JUVENTUS	3
CHELSEA	0

1-0 Fabio Quagliarella (38.), 2-0 Arturo Vidal (61.), 3-0 Sebastian Giovinco (90.).

STAÐAN	1	2	3	4	5
Shakhtar	5	3	1	1	12-7
Juventus	5	2	3	0	11-4
Chelsea	5	2	1	2	10-9
Nordsjælland	5	0	1	4	3-16

F-RÍÐILL	Þ
BATE BORISOV	0
LILLE	2
VALENCIA	1
FC BAYERN MÜNCHEN	1

1-0 Sofiane Feghouli (76.), 1-1 Thomas Müller (82.).

STAÐAN	1	2	3	4	5
Valencia	5	3	1	1	11-5
FC Bayern	5	3	1	1	11-6
BATE	5	2	0	4	8-11
Lille	5	1	0	4	4-12

G-RÍÐILL	Þ
SPARTAK MOSKVA	0
BARCELONA	3

0-1 Dani Alves (16.), 0-2 Lionel Messi (27.), 0-3 Lionel Messi (39.).

BENFICA	Þ
CELTIC	1

STAÐAN	1	2	3	4	5
Barcelona	5	4	0	1	11-5
Celtic	5	2	1	2	7-7
Benfica	5	2	1	2	5-5
Spartak M.	5	1	0	4	6-12

H-RÍÐILL	Þ
GALATASARAY	1
MANCHESTER UNITED	0

1-0 Burak Yilmaz (52.).

CFR CLUJ	Þ
BRAGA	1

STAÐAN	1	2	3	4	5
Man. Utd.	5	4	0	1	9-5
Cluj	5	2	1	2	8-7
Galatasaray	5	2	1	2	5-5
Braga	5	1	0	4	6-11

LEIKIR KVÖLDSINS

- 17.00 S2 Sport
Zenit St. Pétursborg - Malaga
- 19.45 S2 Sport & HD
Man. City - Real Madrid
- 19.45 S2 Sport 3
Arsenal - Montpellier
- 19.45 S2 Sport 4
Ajax - Borussia Dortmund

- esá

ÚLPA ER EKKI BARA ÚLPA



VINSÆLASTI ÚTIVISTARFATNAÐUR
Í HEIMI OG EKKI AÐ ÁSTÆÐULAUSU.

Fáðu aðstoð við valið á rétta útivistarfatnaðinum.
Starfsfólkið okkar þekkir vörurnar sem það selur.



68.990 KR.

MCMURDO DÚNÚLPAN HENTAR SÉRLEGA VEL FYRIR ÍSLENSKT
VEÐURFAR. HYVENT ÖNDUNARFILMA VEITIR GÓÐA VATNSVÖRN
OG ÞÚ SKELFUR EKKI ÚR KULDA MEÐ ÚRVALS GÆSADÚN SEM
EINANGRUN. NÓG AF VÖSUM FYRIR ALLT SEM SKIPTIR MÁLI
OG GÆÐAHÖNNUN NIÐUR Í MINNSTU SMÁATRÍÐI.
MCMURDO FRÁ THE NORTH FACE, LEIÐTOGI Á SÍNU SVIÐI.

ÚTILÍF

HOLTAGÖRDUM

GLÆSIBÆ

KRINGLUNNI


SMÁRALIND

utilif.is




„... sagnalist Ólafs eins og hún gerist best.“

JÓN YNGVI JÓHANNSSON / FRÉTTABLAÐIÐ



ÓLAFUR GUNNARSSON
hefur skrifað fjölda skáldsagna
sem vakið hafa mikla athygli.
Hann hlaut Íslensku bókmennta-
verðlaunin fyrir söguna *Öxin
og jörðin*.



„Æsileg og **dramatísk**
frásögnin grípur mann
föstum tökum og flett er í ofvæni ...
Hvað gerist næst?“

INGVI ÞÓR KORMÁKSSON / BOKMENNTIR.IS

„**Mögnuð bók.**“

KOLBRÚN BERGÞÓRSÐÓTTIR / KILJAN

„**Óvæntar vendingar**
sem halda manni allt til loka.“

EGILL HELGASON / KILJAN

„**Á Biblíulegum skala ...**
þeir sem fara inn í atburðarásina
munu lesa hana til síðasta blóðdropa.“

EIRÍKUR GUÐMUNDSSON / KILJAN

„**Spennutryllir**
með óvæntum endi.“

SIGRÚN Þ. ÞORSTEINSDÓTTIR / ÞJATTROFURNAR.IS

JPV
JPV ÚTGÁFA

SJÓNVARPSPÁTTURINN



„Það er að sjálfsgöðu Master Chef Ísland, svo horfi ég líka á Homeland og Modern Family.“

Ólafur Örn Ólafsson, þjónn og einn þriggja dómara í sjónvarpsþættinum Master Chef Ísland.

Jón segist vernda hagsmuni Bubba og Bítla

Bubbi Morthens og Sena segja fyrirspurn STEFs vegna Bítlalags á jólaplötu Bubba vera fordæmalaus.

„Vangaveltur mínar hvað varðar þetta lag miðuðust fyrst og fremst að því að vernda hagsmuni Bubba Morthens og réttindi höfundalagsins Across The Universe, þeirra Johns Lennon og Pauls McCartney,“ segir Jón Ólafsson, tónlistarmaður og framkvæmdastjóri Félags tónskálda og textahöfunda (FTT), í yfirlýsingu frá því í gær.

Málið varðar fyrirspurn Sambands tónskálda og eigenda flutningsréttar (STEF), í kjölfar ábendingar Jóns til STEFs, vegna Bítlalagsins sem var á jólaplötu

Bubba sem átti að koma út fyrir jól. Bubbi hafði þar flutt lagið í íslenski þýðingu Þórarins Eldjárns án þess að hafa til þess tilskilin leyfi. Bubbi þakkaði Jóni umhyggjuna á Facebook-síðu sinni í fyrradag og sagðist þar viss um hvaðan ábendingin til STEFs hefði komið.

Í tilkynningu frá Senu og Bubba Morthens í gær var misskilningur sagður hafa orsakað leyfisleysið og líklegt sé að útgáfu plötunnar verði frestað um ár. Þá var fyrirspurnin sem barst frá STEFi sögð fordæmalaus, en

HAGSMUNIR Bubbi þakkaði Jóni Ólafssyni umhyggjuna í sinn garð á Facebook.



Jón mótmælir þeirri staðhæfingu í yfirlýsingu sinni. „Á undanförunum mánuðum hafa FTT og STEF staðið fyrir vitundarvakningu á meðal tón- og textahöfunda varðandi réttindi og skyldur útgáfu á tónlist með nýjum textum. Fjöldi fyrirspurna hefur borist bæði FTT og STEFi og þeim jafnarðan komið áfram til hlutaðeigandi aðila þar sem með öllu er óleyfilegt að gefa út tónlist með breyttum texta án leyfis viðkomandi rétthafa,“ segir Jón.

- trs

METSÖLU- BÆKUR

ARNALDUR INDRIDASON
REYKJA VIKUR NÆTUR 72

1. sæti

ÍSLENSK SKÁLDVERK
11.-17.11.2012
FÉLAG ÍSLENSKRA BÓKAÚTGEFENDA



NÝ PLATA Björk Guðmundsdóttir hefur sent frá sér plötuna Bastards sem hefur að geyma endurhljóðblönduð lög.
MYND/WARREN DU PREEZ & NICK THORNTON JONES WELHART/ONE LITTLE INDIAN

Sigtaði út á Ægisíðu

Björk hefur sent frá sér plötuna Bastards. Hún verður á Íslandi yfir hátíðirnar.

Fór til sama skurðlæknis og Adele

Björk Guðmundsdóttir hefur sent frá sér plötuna Bastards sem hefur að geyma endurhljóðblönduð lög af Biophilii sem kom út í fyrra. Meðal þeirra sem eiga lög á plötunni eru Sýrlendingurinn Omar Souleyman, These New Puritans, Hudson Mohawke, Current Value, 16-bit, og Matthew Herbert. Þeir þrír síðastnefndu tóku einnig þátt í gerð Biophilii.

„Þegar ég gerði fyrstu remix-plötuna mína var ég að hanga í búðum í London sem voru bara með plötur fyrir plötusnúða. Svo þegar ég fór í heimsókn til vina minna vissu þeir kannski ekkert af þessari tónlist. Þannig að ég gaf út remixplötu, The Best Mixes from the Album Debut for All the People Who Don't Buy White Labels, sem var kannski meira fyrir fólk sem fer í venjulegar geisladiskabúðir,“ segir Björk. „Það er svipað með þessari plötu. Öll þessi mix eru þegar komin út, þú getur halað þau niður af netinu, en hún er fyrir fólk sem er kannski ekki mikið að gera það. Ég setti saman „playlista“, fór að hjóla á Ægisíðunni, hlustaði á þetta nokkrum sinnum og sigtaði úr 40 mixum niður í tólf.“

Tónlistarverkefnið Biophilia leit dagsins ljós fyrir rúmu ári. Þar bjó Björk til tíu mismunandi tölvuprógrömm fyrir tíu mismunandi lög, byggð á tíu mismunandi náttúruöflum. Þau voru gefin út sem „öpp“ fyrir iPhone og iPad. Verkefnið teygði sig út til skóla, bæði í Reykjavík, New York, Manchester og Buenos Aires, þar sem Björk dvaldi í mánuð í senn, hélt tónleika og hafði yfirumsjón með verkefninu. Aðspurð segist hún mjög ánægð með hvernig til hefur tekist. „Þetta var kannski hugrakkasta ævintýrið sem ég hafði farið út í, að búa til tíu „öpp“, en þetta var dálítið eftir þeirri hugmynd sem ég hef átt frá því ég var

Björk greindist með hnút á raddböndunum fyrir fimm árum og beitti náttúrulegum aðferðum, þar á meðal breytti hún um mataræði, til að ná bata. Hún hafði lýst því yfir í viðtölum að hún ætlaði ekki í aðgerð en snerist hugur. „Ég ákvað núna í september að fara til Boston í aðgerð til sama skurðlæknis og skar upp Adele. Þetta er eiginlega rokkstjarna raddbandaskurðlækna og það gekk rosalega vel. Ég er byrjuð að semja aftur lög og syngja og raddböndin eru orðin aftur eins og þau voru fyrir kannski fimmtán árum,“ segir Björk. „Ég er náttúrulega búin að öskra í þrjátíu ár og þetta var í raun og veru bara sigg sem var skorið af.“

Spurð hvort hún hafi ekki verið hrædd við að fara í aðgerð segist hún hafa verið ofsalega þrjós í fimm ár. „Á þessum fimm árum er þessu búin að fara svo mikið fram að þetta er í raun engin áhætta lengur. Þetta eru laser-skurðlækningar og ég ákvað að fara til heimsins besta læknis fyrst þetta er nú vinnutæki mitt. Hann hafði gert 300 aðgerðir og 300 höfðu heppnast vel, þannig að tölfræðin var frekar góð,“ segir hún kímín.

Eftir aðgerðina þurfti hún að þega í þrjár vikur og gekk um Reykjavík með spjald um hálsinn til að skrifa á. „Það var mjög fyndið. Dóttir mín var mjög þolinmód. Hún var eiginlega duglegust og var farin að skilja fingramál.“



krakki, að stofna tónlistarskóla. Það sem hefur komið kannski mest á óvart er kennsluefnið. Það er komið í námsskrá hjá miðskóla í Reykjavík næstu þrjú árin og svo hefur New York tekið þessu opnum örmum. Í raun snýst Biophilia um að taka tónlistarkennslu og færa hana úr bóklegu formi yfir í verklegt,“ greinir Björk frá og bætir við að til standi að búa til vefsíðu þar sem allt náms efnið frá borgunum fjórum verður fánlegt ókeypis.

Á næsta ári stendur til að halda áfram með Biophilia-verkefnið í París, San Francisco og Tókýó. Á einum mánuði verða ókeypis „app“-námskeið fyrir krakka í sama hús-næði og tónleikarnir verða haldnir. „Við fáum borgirnar til að borga undir krakkana en við gefum okkar

vinnu. Okkar stefna er að koma út úr þessu á núlli.“

Nú styttest óðfluga í jólin. Ætlar Björk að vera á Íslandi um hátíðirnar? „Ég hef eytt öllum jóluöldum á Íslandi nema einum eða tveimur og mér fannst þau alveg hrikaleg. Ég hef alltaf verið helminginn af árinu á Íslandi og læt þá lítið fyrir mér fara. Síðustu fimm árin, frá ágúst til janúar, hef ég verið hérna því dóttir mín [Ísadora] er í skóla hérna. Svo er hún í skóla í Brooklyn frá janúar til júní. Við ákváðum að skipta þessu á milli landanna því við gátum ekki ákveðið okkur foreldrarnir. Ég gat ekki hugsað mér að vera í New York allt árið og hann [listamaðurinn Matthew Barney] ekki hér, þannig að við hittumst í miðjunni.“

frey@frettabladid.is

3. sæti STEFÁN MANI HÚSIÐ

5. sæti KANTATA KRISTÍN MARÍA BAILEIRMINNISTAR

6. sæti Skáld

7. sæti OSJALFRATT

8. sæti Þarna - Þú

9. sæti [Book cover with a crown]

ÍSLENSK SKÁLDVERK
11.-17.11.2012
FÉLAG ÍSLENSKRA BÓKAÚTGEFENDA

Verslun
Ármúla 26

522 3000

hataekni.is

Opið:
virka daga
9.30-18
laugardaga
12-17

Örpunn / sjónvörp

HARFÍN TÆKNI

NÝ OG GLÆSILEG LG SJÓNVÖRÞ



1 mm hvítur árammi

47LM669

400 Hz MCI
Full HD 1920 x 1080p
EDGE (LED Plus)
SmartTV / Dual Play
DVB-T2
Magic remote VOICE
USB 2.0 afspilun DivX HD
SmartShare
Cinema 3D
Innbyggt WiFi
Breytir 2D í 3D
Verð 369.995



55LM860V

800Hz MCI
Full HD 1920 x 1080p
1 mm árammi
Dual Core örgjörvi
EDGE (LED Plus)
SmartTV / Dual Play
DVB-T2
Magic remote VOICE
USB 2.0 afspilun DivX HD
SmartShare
Innbyggt WiFi
Cinema 3D
Breytir 2D í 3D
Verð 799.995

HD gervihnattamóttakari



Sérfræðingar Hátækni veita þér ráðgjöf um val á rétta sjónvarpinu fyrir þig.
Við bjóðum fría heimsendingu á höfuðborgarsvæðinu.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Í Trúboðastellingar

Leikarinn **Jesse Plemons**, sem meðal annars hefur unnið sér til frægðar að leika í fimmtu seríu hinnar vinsælu þáttaraðar *Breaking Bad*, mun koma fram í prufubætti *The Missionary* sem Baltasar Kormákur leikstýrir. Eins og Fréttablaðið greindi frá fyrir skemmstu kemur Benjamin Walker til með að fara með aðalhlutverkið í prufubættinum, en Hollywood-stjarnan Mark Wahlberg er einn framleiðenda þáttarins. Samkvæmt Hollywood Deadline leikur Plemons starfsmann Coca Cola-fyrirtækisins sem smyglar fólk út úr Austur-Berlín á tímum kalda stríðsins. Ef þáttaröðin verður að veruleika verður hún sýnd á HBO-sjónvarpsstöðinni.



- kg

Gerðu Skarphéðni grikk

Skarphéðinn Guðmundsson, nýráðinn dagskrárstjóri Ríkissjónvarpsins, kíkta í heimsókn á sinn nýja vinnustað fyrir helgi. Áður en hann mætti ákváðu væntanlegir samstarfsmenn hans, með **Margréti Erlu Maack** sjónvarpskonu í broddi fylkingar, að gera honum grikk. Dagskrárstjórnaskrifstofunni var breytt, hún fyllt af gömlum húsgögnum og myndum og gerð mjög óheillandi. Segja átti Skarphéðni að svona hefði skrifstofan alltaf verið og alls ekki mætti breyta henni. Þegar Skarphéðinn svo kom á staðinn þótti viðstöddum hrekkurinn þó svo fyndinn að út braust hlátur og upp komst um allt áður en á reyndi. Nú hefur skrifstofan verið tæmd á ný utan nauðsynlegustu hluta.



- þeb

Mest lesið **VÍSIR**

- 1 Íslensk kona lemur hest ítrekað með svipu
- 2 Kærir vegna atviks í Heiðarholti
- 3 Vissi ekki að peningarnir kæmu frá Eir
- 4 Einn mesti tónlistarviðburður síðari tíma í Hörpu í kvöld
- 5 Umstang án fordæma hjá Annþóri og Berki

ÞÚ LEGGUR HANA EKKI FRÁ ÞÉR!

EFTIR HÖFUND DÁVALDSINS

NÝ KILJA

www.forlagid.is

rekkjan

SÆNGURFATA ÚTSALA!

SÆNGURFÖT Á 40-50% AFSLÆTTI



ATH! AÐEINS Í NOKKRA DAGA!


MIKIÐ ÚRVAL AF HÁGÆÐA SÆNGURFATNAÐI FRÁ 3.890 KR.

50% AFSLÁTTUR AF HANDKLÆÐUM



50-60% AFSLÁTTUR AF RÚMTEPPUM

VERDDÆMI!
RÚMTEPPI (240X260 CM)
Fullt verð 29.900 kr.
NÚ 11.960 kr.



ÓTRÚLEGT TILBOÐ!

ALLURE

Queen Size (153x203 cm.)
Fullt verð 163.600 kr.
NÚ 89.900 kr.
45% AFSLÁTTUR!

ALLURE

- 5 svæðaskipt svefnsvæði
- 3 svæðaskipt gormakerfi
- 10 ára ábyrgð
- Lagar sig að líkamanum
- Veitir góða slökun
- Stuðningur við bak
- Tívhert sérvalið stál í gormum
- Styrktir kanter
- Þarf ekki að snúa

rekkjan